

Glaumbær

Kirkja og staður

Sigríður Sigurðardóttir
2. útgáfa 2011

Formáli

Saga prestssetursins í Glaumbæ er viðburðarík. Hér er henni gerð skil í stuttu máli og nokkrar á persónur og atburðir dregin fram. Glaumbær hefur verið höfuðból og kirkjustaður frá 11. öld. Staðurinn var eign auðugra bænda fram á 16. öld og prestsetur, eins og enn er. Jörðin varð eign kirkjunnar árið 1540. Til forna náði land Glaumbæjar frá Héraðsvötnum (Jökulsá) að Meðalheimsvatni á Langholtsási. Þar bjuggu stórbændur, goðar, prestar, riddarar, hirðstjórar, lögmenn, sýslumenn og prófastar. Gamli bærinn í Glaumbæ er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en Byggðasafn Skagfirðinga hefur haft hann til afnota frá 1948.

Smáritið *Kirkjan í Glaumbæ* sem var prentað árið 2002 seldist upp svo ljóst var að áhugi á upplýsingum um staðinn var mikill. Efni þess smárits varð grunnur að smáriti sem kom út 2008. Það hefur hér verið stytth og þetta rit er fyrsti hluti af þremur um sögu Glaumbæjar. Önnur smárit sem fjalla um staðinn eru: *Glaumbær, Sjóning og safn*, smárit nr. XI og *Sögur úr Glaumbæ* smárit nr. XIII. Megin heimildir þessa rits eru *Byggðasaga Skagafjarðar* 2. bindi, sem út kom árið 2001 í ritstjórn Hjalta Pálssonar, einnig er stuðst við annála og ýmsar frumheimildir svo sem *Fornbréfasafn* og *Kirkjustól Glaumbæjarkirkju*. Í heimildaliskrá er bent á meiri fróðleik um staðinn ef lesandi vill sjálfur kanna söguna á eigin forsendum. Ljósmyndir og teikningar eru úr ýmsum áttum og merktar eigendum, ef þær eru ekki frá höfundi.

Efnisyfirlit

Annáll	2
Tilgátur um bærjarheiti	9
Kirkjan	10
Kafólskar kirkjur	11
Síðasta torfkirkjan.....	13
Kirkjan á hlaðinu	14
Kirkja, kirkjuskart og messuföng 1926-2006	15
Glaumbæjarprestarnir í lútherskum sið	22
Búskapur og ábúendur.....	23
Búþingur og landnýting.....	24
Heimilisfólkið.....	28
Þróun bæjar og húsa.....	30
Önnur hús.....	50
Heimildaskrá.....	56
Skammstafanir:	1

Skammstafanir:

BSk. Bygðasafn Skagfirðinga.

DB. Douglas Bolender.

HSk. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

JSt. John Steinberg.

SS. Sigríður Sigurðardóttir.

ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þjms. Þjóðminjasafn Íslands.



Gamli bærinn er samstæða þrettán húsa sem eru flest frá 19. öld. Sex þeirra snúa stöfnum, burstum, fram á hlað. Sex snúa göflum að göngum sem liggja frá bæjardyrum til baðstofu. Hún er öftust húsa og snýr langhlið að göngunum.

Annáll

Úlfjótur nam „Langholt allt fyrir neðan Sæmundarlæk“.¹

Um 950 má ætla að Langholt hafi verið fullnumið. Glaumbær var talið annað tveggja höfuðbóla í landnámi Úlfjóts.² Ekkert er vitað um fyrstu ábúendur, en leifar bygginga fundust undir langhúsi frá 11. öld sem fannst í Glaumbæ árið 2001.

Um 1015 hafði landkönnuðurinn Þorfinnur Karlsefni Þórðarson frá Reynistað keypt Glaumbæjarlönd. Í Grænlandingasögu segir: „Nú siglir Karlsefni í haf og kom skipi sínu fyrir norðan land í Skagafjörð og var þar upp sett skip hans um veturinn. En um vorið keypti hann Glaumbæjarland og gerði bú á og bjó þar meðan hann lifði og var hið mesta göfugmenni og er margt manna frá honum komið og Guðríði konu hans og góður ættbogi“.³

Um 1030 kom útlaginn Grettir Ásmundarson við í Glaumbæ á leið út í Drangey, samkvæmt Grettis sögu.

¹ *Íslendinga sögur* I, Landnámabók, 1946. Bls. 142.

² Ólafur Lárusson, 1940. Bls. 97.

³ *Íslendingasögur*, II, 1987. Bls. 1109. Úr lokakafla Grænlandingasögu.

Um sannleiksgildi sagnanna skal ekki fjölýrt hér.

- Um 1035 þegar „Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður⁴ og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“.⁵
- 1035-1040 „Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði“.⁶
- 1234 bjó Ásbirningurinn Hallur Þorsteinsson í Glaumbæ.⁷
- 1254 keypti Hrafn⁸ Oddsson riddari og síðar hirðstjóri, Glaumbæ af Halli og bjó þar.⁹
- 1289 tók Jón korpur, sonur Hrafns, við búinu. Hrafn sonur Jóns tók við af honum 1310-1315.¹⁰
- 1320 deildu Glaumbæjar-Hrafn (Jónsson) og fleiri höfðingjar við Auðun rauða Þorbergsson hinn norska Hólabiskup um rétt biskups til ráðstöfunar á eignum kirkna í einkaeigu, eins og Glaumbæjarkirkja var.
- 1342 bauð Glaumbæjar-Hrafn 360 manns í brúðkaupsveislu er hann gifti Steinunni dóttur sína Bótólfi Andréssyni hirðstjóra. Hrafn drukknaði í Þjórsá ári seinna.
- 1418 tók Þorleifur Árnason sýslumaður við búi í Glaumbæ. Kona hans var Kristín, yfirleitt nefnd til sögunnar sem Vatnsfjarðar-Kristín, dóttir Solveigar Þorsteinsdóttur og Björns Einarssonar Jórsalafara. Kristín bjó í Glaumbæ þar til Þorleifur féll frá 1428 og fluttist þá vestur í Vatnsfjörð.
- 1440 kvæntist Árni, sonur Þorleifs og Kristínar, Soffíu dóttur Lofts ríka Guttormssonar og hóf búskap í Glaumbæ.
- 1464 tók Þorleifur Árnason, sonur Soffíu og Árna, við Glaumbæ og bjó þar stórbúi í hálfan fimmta tug ára.
- 1510 tók Teitur lögmaður, sonur Þorleifs og Soffíu, við staðnum. Hann var forríkur að jörðum og kvikfé eins og forfeður hans og fyrirferðarmikill höfðingi.

⁴ Suðurganga var pílgrímsganga til Rómar þar sem skrifað var og beðist fyrirgefningar og syndaaflausnar.

⁵ *Íslendingasögur*, II, 1987. Bls. 1109. Úr lokakafla Grænlandingasögu.

⁶ Sama heimild.

⁷ *Sturlunga saga* I, 1946. Bls. 367-9, 433, 440.

⁸ Hrafn er ýmist skrifað Rafn eða Hrafn í gömlum bókum og bréfum.

⁹ Margeir Jónsson, 1941. Bls. 29-41.

¹⁰ Sama heimild.

- 1528 hrakti Jón Arason biskup Teit frá Glaumbæ og tengdasonur Jóns biskups, Hrafn Brandsson á Hofi á Höfðaströnd, náði embættinu af Teiti. Hrafn lést af áverkum eftir skyldingar á hlaðinu í Glaumbæ ári síðar.¹¹
- 1540 lagði Jón Arason jörðina undir Hóladómkirkju og hélt þar stólsbú í áratug.
- 1550 þann 5. maí, gerði Jón biskup Glaumbæ að stað, kirkjuléni (beneficium). Þar hefur síðan verið prestssetur.
- 1554 tók séra Gottskálk Jónsson (1524-1590) við prestsembætti í Glaumbæ. Hann ritaði Gottskálksannál sem að einhverju leyti var undirstaða að ritum Arngríms lærða Jónssonar prests og skólameistara á Hólum og Skarðsárannál Björns Jónssonar. Frá Gottskálki er eitt elsta íslenska pappírshandritið, varðveitt í British Museum.
- 1555 tilnefndu biskupar Glaumbæ stað til uppeldis (náms) presta og til spítala þar sem leggja ætti inn sjúklinga fyrir Norðlendingafjórðung.
- 1594 fékk séra Sæmundur Kársson prófastur Glaumbæ og hélt til dánardægurs 1630.
- 1630 fékk séra Hallgrímur Jónsson prófastur og officialis staðinn og sat til dánardægurs 1681.
- 1634 þann 21. október brann fjóshey hjá séra Hallgrími og nær allt fjósið. Björguðust út 5 af 13 kúm lifandi.¹²
- 1655 var Björn Jónsson annálsritari á Skarðsá jarðsunginn fyrir kirkjudyrum í Glaumbæ.¹³
- 1681 tók Jón Hallgrímsson, sonur séra Hallgríms, við staðnum og þjónaði til 1693.
- 1685 var málaður „stór prédikunarstóll og vænn með olíufarva“¹⁴, sennilega úti í Danmörku. Líkur eru á að um þetta leyti hafi verið reist kirkja sú sem rifin var 1833. Spjöld stólsins prýða Glaumbæjarkirkju enn.
- 1694 var séra Ólafur Pétursson í eitt ár.
- 1695 tók séra Egill Sigfússon við og sat til 1724. Egill þessi var áður skólameistari á Hólum „lærður vel og latínuskáld

¹¹ *Annálar 1400-1800 I*, Skarðsárannál, 1922-1927. Bls. 90.

¹² *Annálar 1400-1800 I*, Skarðsárannál, 1922-1927. Bls. 328.

¹³ *Annálar 1400-1800 I*, Vallholtsannál, 1922-1927. Bls. 341.

¹⁴ ÞÍ. *Vísitastubók prófasts* 1786.

gott“.¹⁵ Ekki dugði það honum því minnstu munaði að hann missti hempuna fyrir lauslæti og barneignir.¹⁶ Hann gaf til kirkjunnar koparklukku þá með ártalinu 1721 sem enn er notuð.

1727 tók séra Grímúlfur Illugason við staðnum. Hann varð allra karla elstur og fékk viðurnefnið gamli.

1734 gaf séra Grímúlfur kirkjunni koparklukku með ártalinu 1734. Hún er enn notuð. Grímúlfur gerði við og lét endurbyggja bæinn að hluta um þetta leyti.

1784 tók Eggert Eiríksson við prestskap í Glaumbæ. Hann hafði verið aðstoðarprestur (kapellán) Grímúlfs frá 1772. Eggert var sagður í „meðallagi eirinn. Átti hann oft í ryskingum og öðrum sundurgjörðum við ýmsa menn“.¹⁷ „Nálega var ei sá mannafundur eða veizla með bændum í sóknnum hans nokkra hrið, svo hann væri ekki við, að ei yrði ryskingar eða því líkt, því hann var glettinn og hvatfær, en margir voru honum öfundarsamir [...] Hann var oft í lagadeilum og hafði lönd undir Glaumbæ [...] Raungóður var hann og lét sér fara vel við vesæla menn“.¹⁸ Eggert fékk verðlaun frá konungi fyrir að hafa byggt upp fjögur eyðikot og hjáleigur¹⁹ í preststíð sinni.

1813 varð Magnús Magnússon prestur í Glaumbæ og þjónaði til 1840. Magnús var umtalaður söngmaður og þekktur járnsmiður.²⁰

1833 hóf séra Magnús byggingu síðustu torfkirkjunnar.²¹

1835 dagana 5. og 6. október lét séra Magnús menn sína slá ísa-stör og var bundið upp á 30 hesta í kulda og frosti.²²

¹⁵ Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1976. Bls. 19.

¹⁶ *Annálar 1400-1800 III*, 1933-1938. Bls. 392. Egill var ókvæntur og átti barn með ráðskonu sinni. Í þá daga var það hneyksli. Hann greiddi konungi 50 dali í sekt og hélt prestsembættinu (sjá Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1976. Bls. 22).

¹⁷ Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1976. Bls. 106.

¹⁸ Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1977. Bls. 17.

¹⁹ *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268. Hjáleigur þessar voru Hátún, Húsabakki, Elivogar og Meðalheimum.

²⁰ Magnús gekk ungur til þjónustu við Jón biskup Teitsson á Hólum.

²¹ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 44-47 og Vísitafubækur prófasta.

- 1837 var unnið við að gera við eldhús og göng í bænum í júní.
Hinn 24. „þöktum við eldhúsið og göngin til fulls og erum þá klárir við það nema nokkuð af mold sem eftir er að flytja burt“ og 4. júlí „settum við hlóðirnar í eldhúsið“²³ segir Nikulás Magnússon í dagbók sinni.
- 1841 tók séra Halldór Jónsson prófastur og alþingismaður við prestsembættinu og hélt því til 1849.
- 1841-3 byggði séra Halldór Bláustofu. Sagnir herma að Jónas skáld Hallgrímsson hafi gíst í henni nýbyggðri.²⁴
- 1850 varð Hannes Jónsson prestur í Glaumbæ.
- 1870 hóf séra Hannes byggingu timburkirkju sunnan kirkjugarðs, beint á móti Bláustofu.
- 1874 tók við Glaumbæ séra Jón Hallsson prófastur.
- 1876 lauk séra Jón byggingu timburkirkjunnar sem séra Hannes hóf byggingu á. Sama ár lengdi hann baðstofuna í átta stafgólf, eins og hún er enn.
- 1878 byggði séra Jón upp norðurbúrið, íbúðarherbergið (Gusu) og hóf byggingu Suðurstofunnar.
- 1879 lauk séra Jón byggingu Suðurstofu og pantaði altariðstöflu í kirkjuna. Sú tafla er þar enn.
- 1887 um sumarmál missti séra Jón um 150 fullorðna sauði í óveðri um sumarmál.
- 1890 tók séra Jakob Benediktsson við prestsembættinu og gegndi til 1894.
- 1892 í febrúar byggði Einar Guðmundsson á Hraunum litla bogabré fyrir menn og fjárrekstra yfir Glaumbæjarkvísl, skammt norðan við núverandi brú. Brú þessa tók af í ísreki nokkrum árum síðar.
- 1894 tók Hallgrímur E.M. Thorlacius við prestsembætti.
- 1923 brotnaði timburkirkjan í ofviðri og varð ónýtt til athafna.
- 1925 stóð séra Hallgrímur fyrir byggingu nýrrar kirkju úr steini norðan við bæinn.
- 1926 þann 13. júní var kirkjan vígð. Af því tilefni gaf séra Hallgrímur henni forkunnar fagurt altarisklæði. Í kirkjunni er nú nýtt klæði með sama krossi og var á því klæði.

²² *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

²³ HSk. Landsbókasafn. 1827, 4to: Dagbók Nikulásar Magnússonar.

²⁴ Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 12.

- 1932 um vorið var tekin gröf Árna Jónssonar bónda að Marbæli. Hann hafði sjálfur mælt fyrir um hvar gröfin skyldi vera eða þar sem gömlu torfkirkjurnar höfðu fyrrum staðið innan kirkjugarðs. Upp úr gröfinni komu leifar af stórrí og vandadri líkkistu sem orðin var að hjómi, en auðsætt að mikið hafði verið í hana lagt. Á kistunni voru stórir skrautskildir úr kopar, en þeir dattu í sundur við raskið. Í gröfinni voru bein af stórvöxnum manni. Jón á Syðri-Húsabakka bar annan lærlegginn við læri sitt og virtist leggurinn nær 2 þumlungum lengri en Jóns, sem vakti furðu því hann var þriggja álna maður (um 180 cm). Úr gröfinni kom silfurhulstur með ágrafinni mynd og brýnisflaga, hvort tveggja var sent Þjóðminjasafni Íslands.²⁵
- 1935 varð prestlaust í Glaumbæ og séra Lárus Arnórsson á Miklabæ þjónaði Glaumbæjarkirkju til 1937.
- 1937 þann 11. júlí voru bein, sem talin voru af Solveigu frá Miklabæ, jarðsett í Glaumbæjarkirkjugarði en menn töldu sig hafa fundið kistu hennar innundir kirkjugarðinum á Miklabæ árið 1914. Séra Lárus flutti minningarorð.²⁶
- 1938 kom enskur aðalsmaður, Mark Watson, í Glaumbæ og varð svo hrifinn af bænum að hann gaf 200 sterlingspund til að gera mætti við hann og varðveita. Séra Tryggvi H. Kvaran á Mælifelli tók þetta ár við prestsþjónustu í Glaumbæ og gegndi henni til 1940.
- 1941 þjónaði séra Helgi Konráðsson prófastur á Sauðárkróki.
- 1942 þjónaði séra Lárus Arnórsson á Miklabæ aftur sóknarbörnum Glaumbæjarsóknar.
- 1943 varð séra Gunnar Gíslason prestur í Glaumbæ.
- 1944 var nýr prestsbústaður tekinn í notkun.
- 1947 var gamli bærinn í falinn Þjóðminjasafni Íslands.²⁷

²⁵ Þjms. Bréfasafn Þjóðminjasafns. Bréf Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns 24. september 1933. Hylkið (Sarpur, Þjms. 11490) er með mynd af Maríu mey, Jesúbarninu og vitringunum (í fjárhúsi). Brýnið (Sarpur, Þjms. 11491) er smábrot af heinarbrýni.

²⁶ Kristmundur Bjarnason, 1998. Bls. 494-495.

²⁷ Ábúendur fluttu burtu, en tveir húsmenn fengu inni í bænum. Sigurberg Ólafsson átti þar heimili frá 1948-1951 og Ingvar H. Sigurðsson, húsmáður og eftirlitsmaður, bjó í Gusu fram á 6. áratuginn.

- 1948 fékk nýstofnað Bygðasafn Skagfirðinga bæinn til afnota til sýningarhalds.
- 1952 þann 15. júní var fyrsta sýning Bygðasafns Skagfirðinga opnuð í gamla bænum í Glaumbæ.
- 1956 voru gerð landaskipti milli Glaumbæjar og hjáleiga staðarins þannig að hver þeirra fékk útmælt land. Beitiland var áfram sameiginlegt á Glaumbæjareyjum.
- 1968 var byggð ný brú á Kvíslina.
- 1977 var mælt út land til nýbýlisins Glaumbæjar II.
- 1982 tók séra Gísli Gunnarsson við preststörfum af Gunnari föður sínum. Um sumarið var afhjúpaður minnisvarði um Gísla Konráðsson sagnaritara á Glaumbæjarhlaði.
- 1991 var flutt 19. aldar timburhús frá Ási í Hegranesi að Glaumbæ til að þjóna safni og gestum þess.
- 1994 í júní kviknaði í Áshúsinu þegar unnið var við að mála það. Öll þil voru aftur tekin niður og húsið hreinsað hátt og lágt. Þann 26. júní þetta ár var kirkjan endurvígd eftir gagngerar endurbætur. Í júlí var afhjúpaður minnisvarði um Snorra Þorfinnsson, fyrsta nafngreinda bóndann í Glaumbæ, og móður hans, landkönnuðinn Guðríði Þorbjarnardóttur, vestan við baðstofuna í Glaumbæ. Minnisvarðinn var færður inn í kirkjugarð árið 2000.
- 1997 var byggð upp svokölluð Gilsstofa í Glaumbæ. Stofan er eftirgerð fyrsta sýslukontórs Skagfirðinga. Hún var upphaflega byggð árið 1849 að Espihóli í Eyjafirði en flutt til Skagafjarðar 1861.
- 2001 fundust með jarðsjá leifar langhúss frá 11. öld í túninu neðan við bæjarhólinn.
- 2003 var byggður nýr prestsbústaður í Glaumbæ, skammt norðan við kirkju. Arkitekt hússins er Guðrún Jónsdóttir. Könnunarskurður var tekinn í langhúsið í túninu.
- 2005 tekið ofan af langhúsinu og útveggir þess staðfestir.

Tilgátur um bæjarheiti

Ýmsar getgátur eru um bæjarnafnið Glaumbær. Hvort það hafi verið dregið af hávaða eins og fossheitið Glaumur, hávaða af gleðskap, glymjanda í járnsmiðju eða klukknaahljómi. Hvort hér hafi einhvern tíma heitið Gamlibær og við brottfall og hljóðvíxl hafi nafnið breyst í Glaumbær. Kenningin er þá sú að bærinn hafi flust til, jafnvel farið í eyði um tíma og byggst aftur í þá tíð er menn voru að þreifa fyrir sér með heppilegt bæjarstæði.²⁸ Hugmynd er einnig um að nafnið geti verið dregið af orðinu glám, sem getur þýtt að vera áberandi, glóa²⁹, glámbær, sem hafi í tímans rás breyst í Glaumbær. Þá hefur sú tilgáta verið orðuð að nafnið gæti verið dregið af járnvinnslu. Í Glaumbæ hafa löngum verið góðir járnsmiðir og jörðin er rauðarík. Kenningin byggir á því að rauðinn hafi verið kallaður gláma. Höfund brestur heimildir um þá orðnotkun. Hæglega gæti gjallandinn frá járnvinnslunni verið gláumurinn sem nafnið var dregið af, alveg eins og efnið sjálft, en allt eru þetta athygliverðar tilgátur.



Glaumbæjarkirkja var vígð 1926. Henni hafa þjónað 7 prestar, sem er merkilegt ef horft er til þess að frá siðbreytingu 1550 til 1925 höfðu samtals, á því tímabili, 14 prestar þjónað kirkjum Glaumbæjar.

²⁸ Þórhallur Vilmundarson, 1996. Bls. 83-85.

²⁹ Páll Bjarnarson, 1921-1923. Bls. 271-272.

Kertahjálmur þessi hefur prýtt kirkjur Glaumbæjar frá kaþólskri tíð. Hann er talinn vera frá 15. eða 16. öld. Ljónið, efst á hjálminum, er þekkt helgitákn, fyrir styrkleika, kraft og konungstign. Ljónið er tákn Markúsar guðspjallamanns. Hann vék fyrir nýjum hjálmi í nýja kirkju 1926.



Kirkjan

Glaumbæjarkirkja er úr steini. Hún var byggð 1925-1926 og endurgerð að innan árið 1994. Forverar hennar voru úr timbri og flestar með torfveggjum til varnar vindi og kulda. Þær stóðu aðeins austar en núverandi kirkja. Síðasta timburkirkjan stóð hins vegar á hlaðinu, gegnt bæjardyrum, frá 1870 til 1923. Hún var fremur smá en með hvelfingu. Hún brotnaði og fauk að hluta til „niður á tún“³⁰ í aftakaveðri. Eldri kirkjur hafa eflaust verið mismunandi að efni og stíl og sumar voru með torfveggjum og aðrar ekki. Glaumbæjarprestar þjónuðu einnig kirkjum á Víðimýri, Geldingaholti³¹, Sólheimum³² í Sæmundarhlíð og á Seylu og bænhúsum á Skarðsá og á fleiri stöðum. Á 14. öld var skylda að hafa tvo presta í Glaumbæ og djákna að auki og í lúterskum sið höfðu Glaumbæjarprestar oft aðstoðarpresta til að þjóna útkirkjunum.³³

³⁰ Gunnlaugur Jónasson Hátúni, f. 1917. HSk. Prófastsvisitasía 1926.

³¹ Geldingaholtskirkja var lögð niður að skipan konungs árið 1768, „tveimur vetrum eftir Sandárið“ segir Gísli Konráðsson í *Sýslu- og sóknalýsingum II*, bls. 66. Sandárið var 1766 þegar mikil aska féll norðanlands í Heklugosi.

³² Sólheimakirkju hefur sennilega verið breytt í bænhús eftir siðbreytingu því 1713 könnuðust menn ekkert við hana að öðru leyti en því að bænhús hafði verið þar til forna og bentu menn á tóftarleifar á hlaðinu (*Jarðabók*, níunda bindi, 1930. Bls. 79).

³³ Á útkirkjum, eða annexíum, átti að messa annan hvern eða fjórða hvern helgan dag. Séra Grímúlfur Illugason, séra Eggert Eiríksson og séra Magnús Magnússon voru allir með aðstoðarpresta á efri embættisárum sínum. Eggert var aðstoðarprestur Grímúlfs í mörg ár áður en hann hætti prestskap. Stuttu eftir að Eggert tók við af Grímúlfi fékk hann séra Jón Konráðsson frá Kolgröf sem aðstoðarprest árið 1798,

Kaþólskar kirkjur

Í Grænlandingasögu er getið um kirkju í Glaumbæ. Þar segir: „Er Karlsefni var andaður tók Guðríður við búsvarðveislu og Snorri son hennar er fæddur var á Vínlandi. Og er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“.³⁴ Guðríður var dóttir Þorbjarnar Vífilssonar sem bjó að Laugarbrekku á Snæfellsnesi á 10. öld og fluttist með fjölskyldu sína til Grænlands á síðustu árum aldarinnar. Sæfarinn og höfðingjasonurinn Þorfinnur karlsefni frá Reynistað í Skagafirði kynntist Guðríði á Grænlandi. Þar giftust þau og fóru fyrst til Vínlands þar sem Snorri fæddist og þaðan til Íslands. Söguna hafa sumir túlkað sem vitnisburð um að Guðríður hafi búið í Glaumbæ þegar hún fór í suðurgönguna. Sennilega verður það aldrei uppvíst, né heldur hvort Vínlandsferðasögur byggist yfirleitt á raunveruleika. Hvort sem Grænlandingasaga er elsta heimild um fyrstu kirkju í Glaumbæ eða ekki má gera má ráð fyrir að kirkja var snemma vígð þar.

Á kaþólskum tíma var Jóhannes skírara verndardýrlingur Glaumbæjarkirkju. Aðrir dýrlingar kirkjunnar voru Pétur postuli, Mikael erkiengill og heilög Sesselja. Dýrlingadýrkun var afnumin með siðbreytingunni 1550. Kirkjan í Glaumbæ var svokölluð alkirkja á 14. öld³⁵ og átti miklar eignir, í jörðum og lausu fé. Hún var í bændaeign þar til á 16. öld að Teitur Þorleifsson gaf hana Guði eftir sinn dag og féll hún undir umsjón Hólabiskups árið 1540.

Fyrstu skriflegu heimildir um tekjur og búnað Glaumbæjarkirkju eru frá 14. öld. Tekjur kirkjunnar voru meðal annars hey- og

því hann „tók að eldast fast, var þó hinn hressasti“ segir Jón Espólin í *Íslands árbókum XI deild*, bls. 89. Séra Magnús Magnússon sem þjónaði í Glaumbæ 1814-1840 hafði tvo aðstoðarpresta. Séra Jón Halldórsson sem bjó á Húsabakka og séra Jón Eiríkson frá Djúpadal, sem gerði sér bú á Brekku (Saga *Mera-Eiríks Magnússonar*, 1912. Bls. 37) og þjónaði Víðimýrarakirkju.

³⁴ *Íslendingasögur*, II, 1987. Bls. 1109. Úr lokakafla Grænlandingasögu.

³⁵ Á alkirkju átti að messa hvern helgan dag.

lýsistollar af 14 bæjum.³⁶ Lýsið var notað til ljósa í bæ og kirkju. Yfirleitt var það unnið úr hákarla- eða þorskalifur. Á þeim tíma var kirkjan ríkulega búin og á henni voru þrír glergluggar. Veggir framkirkju og kórs voru klæddir myndsaumuðum reflum og margir dýrgripir prýddu húsið. Líkneskjur af Jóhannesi skírara, Mikael erkiengli, Pétri postula og heilagri Sesselju³⁷, fimm krossar, skírnarfontur, altarisbrík, stóll og tveir kertastjakar sem höfðu verið helgaðir Maríu mey.³⁸ Tvö glóðarker voru til hitagjafar. Í kirkjunni var svokallaður vatnskarl, einskonar vatnskanna í líki ljóns eða riddara, og handlaug. Einnig eldberi til að bera í eld milli bæjar og kirkju og bakstursjárn til að baka í brauð (oblátur) á hlóðum. Kaleikur var til og fleiri kertastjakar, líkkrókar, spegill og ketill.³⁹ Kirkjan átti fjölda bóka, sjö klukkur, bjöllu og kistu fulla af messuskrúða; tvenn fullkomin messuklæði og hökull, tvær kantarakápur, sem voru hálfhringlaga skikkjur opnar að framan oft með listilega útsaumuðum skrautbekkjum. Líkt og biskupar lútersku kirkjunnar bera. Þannig kápur voru hluti af prestskrudanum á kaþólskum tíma. Kirkjan átti tvenn austræn altarisklæði með bláu þryktu munstri. Annað var með svokölluðu baldursskinni (baldakín), sem mun hafa verið silkivefnaður með gullþræði, ættað frá Bagdad.⁴⁰ Hitt var úr sindel, léttu silkiefni. Á báðum voru svokölluð hlöð, sem gætu hafa verið listilega útsaumuð með gullþræði.⁴¹

Séra Gottskálk Jónsson gaf kirkjunni margt nýtsamlegt eftir sinn dag 1590: Biblíu, lítinn kaleik (ferðakaleik) með patínu, klukku,

³⁶ DI. *Íslenzket fornbréfasafn*, III. Bls. 174-175.

³⁷ Heilög Sesselja var rómverskur píslarvottur á 3. öld, verndari söngvara og tónlistarmanna, sem gæti verið skemmtileg tilvísun á sönghneigð sóknarbörn. Átrúnaður á Pál postula og Jóhannes skírara var mikill á miðöldum og Mikael erkiengill, sem var einskonar herforingi englanna, átti marga aðdáendur meðal riddara miðalda. *Íslenzket fornbréfasafn*, III. Bls. 564.

³⁸ DI. *Íslenzket fornbréfasafn*, III. Bls. 564. Stjakarnir voru frá staðarpresti, sem einnig lagði kirkjunni til Tabulam og brík (þ.e. altariðstöflu).

³⁹ Fernt hið síðast nefnda hafði Eiríkur prestur lagt til kirkjunnar, ásamt hökli með föstum sloppi. DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III. Bls. 564.

⁴⁰ *Íslensk orðabók* A-L. Bls. 86.

⁴¹ DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III. Bls. 564.

messubók, koparstíku (kertastjaka), hökul og „máluð blöð“.⁴² Prestar gáfu oft, eða ánöfnuðu, kirkjunum áhöld sem þeim fannst vanta eða létu kirkjuna kaupa í sínu nafni.

Síðasta torfkirkjan

Síðasta torfkirkjan í Glaumbæ var byggð á árunum 1833-1836, í tíð séra Magnúsar Magnússonar, og stóð utan við bæ í miðjum kirkjugarðinum. Í Vísitásiubók prófasts árið 1838 var sagt að kirkjan hafi verið nýpakin að sunnan, en veggir væru við það að snarast, og þó var byggingin ekki búin að standa nema nokkur ár. Þessi kirkja var minnisstæð ungum dreng sem gekk til spurninga til Hannesar Jónssonar prests í Glaumbæ um 1860. Drengurinn var Indriði Einarsson á Húsabakka sem ritaði seinna æviminnningar sínar. Í hans augum var kirkjan: „gömul torfkirkja, með gömlum þrjädikunarstól og gamalli altarástöflu og altarisdúk“.⁴³ Þrjädikunarstóllinn var með stríkuðum listum og myndspjóldum.

Á þrjädikunarstólinn var dregin olíumynd af Pjetri postula. Hann hjelt á 2 lyklum allmiklum, hafði hvítt skegg og horfði nokkuð öldurmannlega á mann. Önnur olíumyndin á þrjädikunarstólnum var af Lúkasi guðspjallamanni. Það var miklu fríðari maður en postulinn, og manni leizt betur á hann. [...] Altaristaflan, sem var máluð eftir kvöldmáltíðarmynd Leonardos da Vinci, var á milli kórglugganna, og í hálfskugga. Hún sást óglögg, nema áhorfandinn gengi alveg upp að altarinu.⁴⁴

Pétur og Lúkas hafa snúið að söfnuðinum í framkirkjunni. Um kirkjulífið segir hann:

Síðirnir innan kirkju voru óbrotnir ... Hver karlmaður, sem gekk undir kórbitann, - konur komu þar aldrei, nema við altarisgöngur, - hneigði sig. [...] Í kórinn mátti enginn aðkomumaður koma, nema hann væri leiddur þangað. [...] Heldri unglingarnir í sókninni sátu á tveimur lausum bekkjum, sem voru sinn hvoru megin við gráturnar. Sóknarbændur sátu á bekkjunum við vegginn. Menn voru framsæknir, eins innan kirkjunnar sem utan, og vildu gjarnan þokast upp frá kórstaflum við fráföll eldri manna og við burtflutningu kórbúa. Þórður hjet vinnumaður og fjósamaður í

⁴² *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*. Bls. 438-439.

⁴³ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 48.

⁴⁴ Sama heimild.

Glaumbæ. Hann sat fyrst við kórstaf að sunnanverðu, þegar jeg man eftir, en hann var kominn upp í suðurhornið við kórþilið, þegar jeg var fermdur, og söng þar mikinn. Margur hefur þokast minna áfram á heilum mannsaldri. - Kvenfólkið sat alt frammi í kirkjunni. Prestskonan og dætur hennar í prestskonustúkunni, sem var umgirt á tvær hliðar með háum pílárum. [...] Stúka prestskonunnar var aldrei tóm. Þegar tónaður var pistillinn eða guðspjallið, beygði alt kvenfólkið sig í hnjánum, hvenær sem einhver persóna í þrenningunni var nefnd. Það var guðsdýrkun í kirkjunni. Það allra helgasta var, meðan presturinn stóð í hökli og rykkilíni. /... þá dró hann tónið á langinn og bar seint fram ræðuna, en hafði góð hljóð, og þó ræður hans hafi ekki verið neitt sjerlega góðar, þá fann ég aldrei til ... leiða á blessuðu guðsordinu í Glaumbæjarkirkju. /... Jeg held enn, að kirkjuklukkurnar í Glaumbæ sjeu verulega góðar klukkur. Þeim mátti heyra samhringt langar leiðir niður á eyjar ... Þær lyftu ungri sál langt upp frá jörðu, hvar sem vel mátti heyra til þeirra. Hestarnir hvöttu sporið, þegar þeir heyrðu þær, og ef komið var gangandi, þá var ferðinni flýtt.⁴⁵

Kirkjan var aðal samkomustaðurinn. Þar kynntust sóknarbörnin og ræddu málin og þar voru teknar ákvarðanir sem skiptu máli í lífi og starfi. Þar var spjallað og sungið og farið í leiki. „Oft glímdu unglingarnir við kirkjuna, og oft fórum við í snjókast“⁴⁶, sagði Indriði um samfundi barna og unglinga er þau hittust við kirkjuathafnir. Í messukaffinu skiptu gæðingar um eigendur og ýmis önnur viðskipti voru orðuð og innsigluð.

Kirkjan á hlaðinu

Séra Hannes Jónsson (d. 1873) hóf byggingu kirkju árið 1870 og var smíðað með hléum. Séra Jón Hallsson lauk henni 1876. Kirkja þessi stóð sunnan kirkjugarðs, á bæjarhlaði, gegnt Bláustofu. Kirkjur stóðu áður norðaustan við bæinn, nokkrum metrum austan við núverandi kirkju. Smíðir kirkjunnar voru „Páll Pálsson, að sunnan, Ólafur Ólafsson og Þórarinn heimamaður í

⁴⁵ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 48-51. Kirkjan var með kórþili eins og er í Viðmýrarkirkju. Klukkurnar, sem minnst er á, eru enn í kirkjunni.

⁴⁶ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 51.

Glaumbæ⁴⁷. Var ekkert notað úr kirkjunni sem á undan stóð nema spjöldin „úr hinum gamla og brotna prédikunarstól sem voru innstemmd í hinn nýja“.⁴⁸ Þegar Matthías Þórðarson þjóðminjavörður kom í Glaumbæ þann 23. júlí 1910⁴⁹ var kirkjan í þörf fyrir viðgerð. Þrettán árum seinna brotnaði hún.



Teikning séra Jóns Helgasonar biskups af kirkjunni sem stóð á bæjarhlaðinu frá 1870/1876-1925. Teikn. Þjms.

Kirkja, kirkjuskart og messuföng 1926-2006

Einar Erlendsson og Rögnvaldur Ólafsson teiknuðu kirkjuna, sem reis 1925-1926. Ólafur Kristjánsson frá Ábæ var yfirmsiður. Friðrik Pálsson múrari á Sauðárkróki sá um steypuvinnu og múrverk.⁵⁰ Turn og vesturgafli kirkjunnar voru állklæddir 1983 og öll kirkjan 1988. Árið 1994 voru miklar endurbætur gerðar á kirkjunni, sem Hjörleifur Stefánsson arkitekt stýrði. Þá voru bekkirnir, sem höfðu verið smíðaðir í kirkjuna 1926, látnir víkja fyrir nýjum, en grátur (gráður) og prédikunarstóll, sem einnig voru smíðað í kirkjuna 1926, héldu sér. Hér er gerð grein fyrir nokkrum elstu gripum kirkjunnar.

⁴⁷ *Bygðasaga II*, 2001. Bls. 228.

⁴⁸ Sama heimild.

⁴⁹ *Þjms. Kirknabóke* Matthíasar Þórðarsonar: Glaumbæjarkirkja.

⁵⁰ HSk. *Vísitaskubóke Skagafjarðarprófastsdæmis 1925-1943*. Prófastsvísitaskía frá 13. júní 1926.

Altarið er frá 1876 og var smíðað nýtt í kirkjuna sem stóð á bæjarhlaði.⁵¹

Altaristaflan er máluð 1879. Á hana er skrifað *Zeuthen pinx 1879*. Jón Hallsson, prestur í Glaumbæ 1874-1890, útvegaði töfluna.

Altarisstjakarnir eru úr kopar og messing. Tveir eru fyrir eitt kerti hvor. Einn er fyrir þrjú kerti. Stuttu eftir að séra Hannes Jónsson tók við Glaumbæ 1849 komu „2 nýir altarisstjakar af kopar“⁵² í kirkjuna, sem kostuðu „30 rdl“. Það voru stjakarnir sem svo mikil áhrif höfðu á Indriða Einarsson⁵³ og hann skrifaði um í endurminningum sínum. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður sagði þá árið 1910 vera svipaða altarisstjökunum „á Hofstöðum og ... eptir sama mann“⁵⁴ sem hann taldi íslenskan. Stjakarnir eru úr messing og rauðleitum kopar, 38 cm háir. Afar líkir Hofstaðastjökunum og ekki vafamál að um sama smið eða verkstæði er að ræða. Matthíasi var sagt að Hofstaðastjakarnir væru eftir Bjarna „görtlara“ á Hjaltastöðum.⁵⁵ „Görtlari“ er maður sem smíðar smáhluti úr málm. Bjarni sá er því miður óþekktur. Þriðji *altarisstjakinn* er úr messing, þriggja arma með háum legg sem á eru tvær stuttar ljósaliljur. Gjöf frá Hirti Kr. Benediktssyni 1951.⁵⁶ Kirkjan á einnig tvo látúnsstjaka fyrir eitt kerti og tvo fimmarma kertastjaka, sem Ingvar E. Sigurðsson gaf.

Fjórtán ljósa *hjálmur* kom í kirkjuna nýja árið 1926. Leitt var rafmagn í hann 1950⁵⁷ og er hann enn notaður.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² HSk. *Kirkjustóll Glaumbæjar 1829-1951*. Vísitasía 17. sept. 1849.

⁵³ Indriði Einarsson, 1936. Bls. 48.

⁵⁴ Þjms. *Kirkeabók Matthíasar Þórðarsonar*. Glaumbæjarkirkja 23. júlí 1910.

⁵⁵ Þjms. *Kirkeabók Matthíasar Þórðarsonar*. Hofstaðakirkja 7. júlí 1910.

⁵⁶ HSk. *Vísitasíubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. Kirkjuskoduð að Glaumbæ 30. ágúst 1953.

⁵⁷ HSk. *Vísitasíubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. Kirkjuskoduð að Glaumbæ 18. ágúst 1951.

Skírmarfonturinn er úr japanskri eik, skorinn af Kristjáni og Hannesi Vigfússonum í Litla-Árskógi í Eyjafirði. Hann er gjöf Kristínar Gunnlaugsdóttur í Geldingaholti og afkomendum hennar til minningar um Tobías Sigurjónsson í Geldingaholti.⁵⁸



Altaristaflan er frá 1879. Altarissstjakarnir eru glæsileg smíði. Laufið á stéttinni, leggurinn, dropskálarnar og pípan vísa á liljur vallarins, forgengileika lífsins, með blöðum, stilk og blómknúppum.


Hvíti harðangurssaumaði *altarisdúkurinn* er eftir Unni Jónsdóttur á Ytra-Skörðugili. Systkinin Unnur og Björn og móðir þeirra Agnes Guðfinnsdóttir gáfu dúkinn til minningar um Jón Jóhannesson á Ytra-Skörðugili.⁵⁹

⁵⁸ HSk. *Vísitíðabók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. HSk. Kirkjuskóðun í Glaumbæ 9. ágúst 1976.

⁵⁹ HSk. *Vísitíðabók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. Kirkjuskóðun að Glaumbæ 24. ágúst 1960. Agnes gaf einnig blómavasa úr silfri, ljósakrónu úr messing og gleri og tveggja arma ljós á kórgefli, sem lögð voru af 1994.

Rauða altarisklæðið er gjöf frá Gerði Hauksdóttur í Geldingaholti. Ásbjörg Jóhannsdóttir saumaði það um 1985 og notaði krossinn af klæði sem séra Hallgrímur Thorlacius gaf 1926.⁶⁰

Krossinn á altarisklæðinu, með táknstöfum Jesú Krists (IHS), er jafn gamall kirkjunni, af klæðinu sem séra Hallgrímur gaf.



Spjöld úr gömlum *prédikunarstóli* með myndum af Kristi, Lúkasi, Pétri, Matteusi, Markúsi, Maríu mey og krossfestingunni⁶¹ prýða veggir kirkjunnar. Í biskupsvísitáslu árið 1749 er stóllinn sagður danskur. 1786 segir prófastur að hann sé með ártalinu 1685.⁶² Hafi stóllinn verið nýmálaður þegar hann var keyptur fyrir kirkjuna hefur hann komið í kirkju séra Jóns Hallgrímssonar sem þá þjónaði Glaumbæ. Árið 1876 voru spjöldin tekin úr stólnum og sett í nýjan.⁶³ Nýr stóll var smíðaður fyrir nýja kirkju 1926. Sá gamli var seldur á uppboði. Varðveist hafa sex myndspjöld úr honum, en þau hafa sennilega verið sjö í upphafi. Spjöldin eru felld inn í ljósa, græna og svartmálaða ramma með marmaramunstri og öðrað yfir með dökkgulum litum. Utan um eru rauðir kantlistar. Af myndverkinu má greina að spjöldin eru ekki öll máluð af sama listamanni. Mismunandi aðferðir og litasamsetning benda til þriggja eða fjögurra málara. Matteus og Markús eru sennilega eftir sama mann, en aðrir hafa dregið upp heilaga Maríu, Pétur postula og krossfestingarmyndina. Þær síðastnefndu virðast fremur viðvaningslega gerðar. Smágert og fínlegt handbragð á Jesúmyndinni bendir til fjórða málara. Geirneglingar á sumum spjaldanna vitna um að stóllinn hefur verið settur nokkrum sinnum saman á mismunandi hátt, áður en hann tvístraðist. Þegar stóllinn var seldur á uppboði 1926 hófst hið veraldlega

⁶⁰ HSk. *Vísitáslubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. Kirkjuskóðun að Glaumbæ 30. ágúst 1953.

⁶¹ Þjms. *Kirkenabók Matthíasar Þórðarsonar*. Glaumbæjarkirkja 23. júlí 1910.

⁶² *Jólablað* Glaumbæjarkirkju 1996.

⁶³ *Bygðasaga II*, 2001. Bls. 228.

hlutverk hans. Hann var tekinn sundur og spjöldin notuð fyrir farg á hey. Það segir marga um nýtni og sjálfsbjargarviðleitni manna fyrir á árum og ólíkan tíðaranda og verðmætamat. Ekki voru stólspjöldin lengi notuð sem heyfarg því glöggur vegfarandi kom auga á þau og sagði frá þeim. Vegfarandinn var Sigfús Sigurðsson frá Nautabúi sem var á ferð um Eylendið veturinn 1936-1937 með hest og sleða. Hann áði við heyfúlgum þar sem var „hengt alls kyns timbur í yfirbreiðsluna“ og fannst honum „að á sig væri horft. Gætti hann að og kom þá auga á fleka eða spjald sem var á heyinu, en á því virtist vera einhvers konar helgimynd, mannvera í kufli með stóran lykil í höndum“.⁶⁴ Þekkti hann þar sjálfan Lykla-Pétur. Sigurður Þórðarson, faðir Sigfúsar, frétti af þessu og áttaði sig á hvað þarna var á ferð. Hann keypti spjöldin og setti upp á vegg. Síðar eignaðist Ingibjörg dóttir hans þau. Hún og Svanlaug Pétursdóttir, ekkja Sigfúsar, færðu söfnuði Glaumbæjarkirkju spjöldin árið 1996 í tilefni endurbóta á kirkjunni.

Númerataflan er frá Jóni Oddssyni⁶⁵ á Sauðárkróki, 1951.

Kirkjan á silfurhúðaðan danskan *kaleik* og *patínu* frá 1867. Gjöf frá séra Hannesi Jónssyni.

Kaleikurinn og patínan eru fallegir, vel umhirtir gripir.



Tveir *patínudúkar*⁶⁶ frá 19. öld eru til. Annar er úr svörtu flaueli með ásaumuðum stöfunum IHS úr silfri, hinn er úr rauðrósóttu silki, með samskonar stöfum.

Kirkjan á fimm *bökla*. Rauður rómanskur hökull er frá séra Gunnari Gíslasyni og frú Ragnheiði Ólafsdóttur í Glaumbæ árið 1967. Þrír gotneskir höklar; hvítur, rauður og grænn, eru til,

⁶⁴ *Jólablað* Glaumbæjarkirkju 1996.

⁶⁵ HSk. *Vísitasínubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*. Kirkjuskoduð að Glaumbæ 18. ágúst 1951.

⁶⁶ HSk. *Prófastsvisitasía* 30. ágúst 1953. *Gjörðabók Glaumbæjarsóknar*.

ásamt búnaði fyrir altarisgöngur. Hvíti hökullinn er frá Efemíu Gísladóttur í Húsey. Sá rauði er gjöf frá Halldóri og Ingibjörgu Björnsbörnum frá Stóru-Seylu.⁶⁷ Sá græni er gjöf frá Brautarholtsbræðrum árið 1988, þeim Hauki, Stefáni, Braga og Sigurði Haraldssonum. Kirkjan á einnig grænan hökul sem Margrét Jónsdóttir forstöðukona á Löngumýri óf og saumaði handa kirkjunni stuttu fyrir aldamótin 2000. Rauður *bökull* frá tíð séra Hallgríms Thorlaciusar er varðveittur í Þjóðminjasafni Íslands.

Kirkjuklukkur eru tvær, báðar úr kopar og báðar frá 18. öld. Á annarri er áletrunin: *Herr Eigl Sigfusen Anno 1721*, sem var Egill Sigfússon prestur í Glaumbæ 1695-1724 og á hinni er: *Sr. Grynuder Illugesen. Anno. 1734*, sem stendur fyrir Grímúlf Illugason sem prestur var í Glaumbæ 1726-1784.

Pípuorgelið er enskt, fimm radda og kom í kirkjuna 1994.

Flaggstöngin í kirkjugarðinum er frá Gísla Sigurbjörnsyni og *keross* utan á kirkjuturninum er frá bræðrunum frá Hátúni.



Í Bygðasafni Skagfiringa eru varðveitt sænskættað orgel Glaumbæjar-kirkju frá 1913 og minningarkrans úr glerperlum frá 1929 sem sennilega er innfluttur frá Þýskalandi.

⁶⁷ HSk. Prófastsvisitasía 10. okt. 1985 (ljósrit).

Í Byggðasafni Skagfirðinga eru nokkrir gamlir gripir úr fyrri kirkjum. Í Suðurstofunni í Glaumbæ er fimmarma *kertahjálmur* sem talinn er frá kaþólskum tíma. Þar er einnig elsta *kirkjuorgelið* sem keypt var 1913 og notað til 1935. Á því stendur: *K.A. Andersson, Stockholm. Guldmedalj i Stockholm 1897* og er nr. 3368. Í Bláustofu hangir á vegg þýskættaður *minningarkrans* úr perlum frá 1929, til minningar um Moniku Ingibjörgu Jónsdóttur (1892-1929) frá Holtskoti.

Í skáp inni í íbúðarherberginu Gusu eru gamall *prestaspaði*, *hökull* og *prestshempa*. Prestaspaði er notaður við að „kasta rekunum“, þegar mokað er á táknrænan hátt fyrstu moldum yfir líkkistur með orðunum: *Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu aftur verða og af jörðu skaltu aftur upp rísa*. Hökullinn er rómanskrar gerðar og vísar til frumkristni. Rykkilínið er af gamalli gerð. Hempuna átti séra Jakob Benediktsson prestur í Glaumbæ 1890-1894. Prestshempuna má rekja til 16. aldar yfirhafna. Pípukragar voru í tísku bæði fyrir konur og karla fram á 17. öld. Þessi búningur er oft kallaður „danska hempan“ og hefur verið viðhafnarklæðnaður íslenskra presta frá siðbreytingu. Í geymslu safnsins eru tveir *kirkjubekkir* frá 1926 sem viku fyrir nýjum árið 1996.



Klassísk stílbrigði einkenna kirkjuna að innan, hvert sem lítið er. Vinstra megin við kórinn og lengst til hægri eru spjöld úr prédikunarstólnum frá 1685. Útskorni skírnarfonturinn, til vinstri, er frá 1976, en kertahjálmurinn og prédikunarstóllinn eru jafn gömul kirkjunni.

Glaumbæjarprestar í lúterskum sið

„Reynslan ber því vitni, að Glaumbæjarprestar hafa unað þar vel hag sínum. Í tæp 300 ár, eða frá 1554 [til 1849], fluttist enginn prestur þaðan til að þjóna öðru kalli“,⁶⁸ sagði Jón Sigurðsson á Reynistað í skrifum um Glaumbæ 1960. Séra Halldór Jónsson rauf venjuna þegar hann flutti frá Glaumbæ austur að Hofi í Vopnafirði árið 1849.⁶⁹

Frá siðbreytingu hafa 20 prestar þjónað í Glaumbæjarkirkju. Þeir eru þessir:

- 1 Gottskálf Jónsson 1550-1590.
- 2 Sæmundur Kársson 1594-1638.
- 3 Hallgrímur Jónsson 1630-1681.
- 4 Jón Hallgrímsson 1681-1693.
- 5 Ólafur Pétursson 1694-1695.
- 6 Egill Sigfússon 1695-1723.
- 7 Grímúlfur Illugason 1727-1784.
- 8 Eggert Eiríksson 1784-1813.
- 9 Magnús Magnússon 1813-1840.
- 10 Halldór Jónsson 1841-1849.
- 11 Hannes Jónsson 1849-1873.
- 12 Jón Hallsson 1874-1890.
- 13 Jakob Benediktsson 1890-1894.
- 14 Hallgrímur E. M. Thorlacius 1894-1935.
- 15 Lárus Arnórsson prestur á Miklabæ þjónaði 1935-1937.
- 16 Tryggvi H. Kvaran prestur á Mælifelli þjónaði frá 1938-1940.
- 17 Helgi Konráðsson prestur á Sauðárkróki þjónaði frá 1940-1941.

⁶⁸ Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 4.

⁶⁹ Hugsanlega kunni hann aldrei við sig í Glaumbæ. Þegar biskup veitti honum embætti Glaumbæjarprests voru margir umsækjendur, þar á meðal prófasturinn og séra Jón Halldórsson sem hafði verið aðstoðarprestur séra Magnúsar sem hélt Glaumbæ áður. Höfðu bændur úr Glaumbæjar- og Viðimýrarsóknum sent bænarskjal til biskups um að hann fengi staðinn, en biskup „virti að vettugi það bónarbréf“. Séra Halldór var sagður „þokkasæll“ í starfi í Glaumbæ og snjall ræðumaður „en enginn var hann raddmaður“ miðað við séra Magnús sem var raddmaður mikill (Jón Espólín, Einar Bjarnason, 1978. Bls. 135, 137).

- 18 Lárus Arnórsson prestur á Miklabæ þjónaði aftur 1941-1943.
19 Gunnar Gíslason 1943-1982.
20 Gísli Gunnarsson frá 1982.

Prestar áttu að skila búinu jafn verðmætu og þegar þeir tóku við því. Því skipti máli að hafa allt skjalfest við prestskipti. Þegar séra Hallgrímur Jónsson prófastur tók við staðnum vorið 1639 lentu erfingjar séra Sæmundar Kárssonar í vandræðum með að greiða honum 32 kúgildi sem honum bar frá forveranum. Hallgrímur samþykkti að taka 20 sem erfingjar Sæmundar gátu greitt honum strax, 3 í Vatnshlíð, Vatnsskarði og Elivogum (Elvogum), 2 í Víkum á Skaga um haustið og 40 álnir í uppbót á næstu fardögum.⁷⁰ Annað dæmi um uppgjör var þegar séra Hallgrímur Thorlacius tók við af séra Jakobi Benediktssyni árið 1894. Þá átti fjala-gólf að fylgja einu stafgólfi baðstofunnar og þiljur til hliðar í tveimur stafgólfum. „Hinar þiljurnar í baðstofunni, sem nú er alþiljuð, er fráfaranda eign.“⁷¹ Þessar nákvæmu eignafærslur eru tíundaðar í úttektum sem eru eftirsóknarverðar heimildir um húsa-kost, búnað búa og búskaparhætti presta fyrr á tímum.

Búskapur og ábúendur

Glaumbær var 90 hundraða jörð að fornu mati að meðtöldum hjáleigunum Meðalheimi, Miklagarði og Jaðri, auk Selrinda sem fór snemma í eyði. Á 18. öld bættust við hjáleigurnar Hátún og Húsabakki. Hlunnindi sem fylgdu jörðinni voru lax og silungs-veiði í Kvíslinni og góður torfskurður á Glaumbæjareyjum, sem þótti reyndar óþægilega langt í burtu. Mótak var hinsvegar lítið sem ekkert.⁷² Glaumbæjarkirkja átti ítak á rekaförum í Víkum á Skaga⁷³ sem skipti miklu máli fyrir öflun kirkju- og húsaviða. Bú-

⁷⁰ *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, 1979. Bls. 77.

⁷¹ HSk. *Kirkjustóll Glaumbajar* 1892-1951.

⁷² ÞÍ. *Biskups-skjalasafn*, úttekt 22. apríl 1899.

⁷³ Í *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar* kemur fram að Glaumbæjarkirkja hafi átt rétt til heyskapa í Víkum, sem svaraði 4 dagsláttum og „grundvelli bæjarins og annarra tófta, jtem fyrer vestann lækinn þar hiallstaðid er, synast suara áttunda parte ur dagslattu“ (bls. 151). Rekin í Víkum og önnur hlunnindi þar urðu þrætuepli milli klerkanna í

skapurinn var blandaður þar til að mjólkurframleiðslan fluttist að Glaumbæ II árið 1985, en sauðfjárstofn og hross voru áfram í Glaumbæ I.



Mynd Daniels Bruun frá 1898. Fjórum árum eftir að séra Hallgrímur Thorlacius, sem stendur við suðurvegg Smiðjunnar, tók við Glaumbæ. Bærinn er ómálaður, nema þil Suðurstofunnar. Ljós. HSk.

Búpeningur og landnýting

Glaumbæjarprestar hafa alltaf búið að hefðbundnum hætti með sauðfé, nautgripi og hross, hænsn og hunda. Örnefni í úthaga bendir til að þeir hafi einnig haldið geitur.⁷⁴ Vafalaust hafa kettir líka læðst um göng og hús. Sumir prestanna hafa búið stórbúi, aðrir verið í sambýli með öðrum ábúendum. Séra Halldór Jónsson bjó á móti frænda sínum Stefáni Gíslasyni á hálfri Glaumbæjarjörð árið 1841 á meðan hann var.⁷⁵ Séra Hallgrímur Thorlacius sem tók við jörðinni 1894 nytjaði hana einnig hálf.⁷⁶ Lengst

Glaumbæ og á Mælifelli í áratug 1639-1649 því báðir gerðu tilkall til þeirra samkvæmt gömlum máldögum.

⁷⁴ Gunnlaugur Jónasson, Hátúni.

⁷⁵ Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1978. Bls. 136.

⁷⁶ Þórir Bergsson, 1984. Bls. 50.

af 20. öld bjuggu tveir bændur í Glaumbæ þótt jörðinni væri ekki skipt í tvennt með formlegum hætti fyrir en á seinni hluta aldarinnar.

Fjöldi búfjár Glaumbæjarpresta var misjafn. Árið 1569, þegar séra Gottskálf Jónsson hélt staðinn, átti kirkjan 8 mjólkurkýr, þriggja vetra naut, folaldshryssu, tveggja vetra fola⁷⁷ og kúgildin voru 6. Árið 1634 voru 13 kýr í fjósi hjá séra Hallgrími Jónssyni, sem missti 5 þeirra þegar eldur kviknaði í fjósheyi.⁷⁸ Samantekt frá 1713-1940 sýnir fjölda búfjár í Glaumbæ á því tímabili.⁷⁹

	1713	1850	1901	1920	1940	
nautgripir ⁸⁰	11 (7)	5 (3)	9 (4)	4 (3)	11 (8)	
sauðfé	127	78	165	222	151	
hross		18	10	66	45	20

Árið 1713 notaði séra Egill Jónsson sér málnyturstekstur (grasbeit fyrir kvíær prestsins) í Marbælisland, annað málið⁸¹ (eftir kvöld-eða morgunmjaltir). Ekki er hægt að sjá hve margar mylkar ær séra Egill hafði í kvíum en kúgildin voru orðin 8.

Tvö naut fylgdu jörðinni frá 1841 til 1894 a.m.k., sem hægt var að greiða í peningum að andvirði 52,80 kr.⁸² Óvíst er hvaða prestur kom þessari breytingu á eða hvort nautin voru viðbót við það sem fyrir var.

Þegar séra Hannes Jónsson tók við jörðinni árið 1849 var túnið hérumbil 24 dagsláttur⁸³, mestallt þýft, en vel um hirt og sæmlega grasgefið. Það gaf ríflega 7 kýrfóður af töðu. Á Húsabakka fékkst 6 kúa fóður af „nytgæfu úthei“ og engjarnar voru drjúgar

⁷⁷ *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*, 1919-1942. Bls. 277.

⁷⁸ *Annálar 1400-1800 I*, Skarðsárannáll. Bls. 328.

⁷⁹ Taflan er byggð á upplýsingum í *Byggðasögu Skagafjarðar II*.

⁸⁰ Innan sviga er fjöldi mjólkurkúa.

⁸¹ *Jarðabók*, níunda bindi, 1930. Bls. 99.

⁸² HSk. *Kirkjustóll Glaumbajar 1892-1951*. No. 454.

⁸³ Þrjár dagsláttur er rétt rúmur hektari.

þótt þær væru blautar og engjavegur (leiðin sem þurfti að flytja heyið um) erfiður:

Engjar sem liggja fyrir ofan svokallaða Djúpukvísl eru fremur víðslágar, meiri part sléttar, votar og snögglandar, en svonefndur Húsabakkafloí og engjar yfir höfuð fyrir neðan Kvíslina eru ákaflega votar, illar yfirferðar í bleytuflám og kílum, en víða hvar í betra lagi grösugar og alls staðar sléttar. Í miðjunni verður flói þessi tíðum óslægur af flóðagangi. Sumarhagar eru magrir fyrir sauðfé en allsæmilegir fyrir kýr. Vetrararbeit mjög lítil og stopul. Hættur eru hér afarmiklar fyrir hross og sauðpening, einkanlega á Eyjunum, landbrot af Héraðsvötnum nokkurt og talsverðar skemmdir af sandfoki. ... álist heimajörðin með Húsabakka fær um að bera til jafnaðar 13 kýr, 100 ær, 124 sauði og 60 lömb, eður 39 hundruð. Staðurinn á frjálsan upprekstur á svonefndri Háheiði fyrir stóð og geldfénað.⁸⁴

Séra Hannes var ekki með stórt bú: 10 hross, 78 sauðkindur og 8 nautgripi. Til samanburðar er hér úttekt frá 1899 um Glaumba og Jaðar þegar séra Hallgrímur var tekinn við:

Kúgildi heima eru tvær kýr og eitt ásauðarkúgildi. Einnig fylgir einn hestur og ein hryssa. Tún jarðarinnar er stórt að ummáli og grasgefið í meðallagi. Allt er það mjög þýft og því seinunnið í tilliti til alls er að því þarf að vinna. Engjar eru að mestu leyti þýfðar, votlandar og fremur snöggar. Hið grasgefnasta þeirra er svokallaður Hólmur, sem umflotinn er af ófærum kílum með hesta. Verða menn því að bera hey úr honum á sjálfum sér og einatt verður ekkert slegið í Hólmi þessum fyrir vatni svo nota verður heyskap niður á Eyjum í bithaga fyrir neðan Djúpukvísl, sem er langsótt og erfitt. Sumarhagar eru lélegir fyrir ær en allgóðir fyrir kýr niður á Eyjum. Vetrararbeit fyrir sauði og hross er heldur jarðsæl, en fremur létt. ... Jörðin álist að framfleyta í meðalári 6 kúm og 1 nauti, 80 ám, 100 sauðum og 20 lömbum og 12 brúkunarhrossum auk viðeldis. Torfrista heima um sig er óbrúkanleg, en niður á Eyjum fæst hún allgóð, en erfið sökum vegalengdar.⁸⁵

Árið 1918 var túnið orðið 25 dagsláttur hjá séra Hallgrími Thorlaciusi, en jörðin var þá í ábúð hans og tveggja bænda. Túnið var enn mestallt þýft en gaf 240 hesta⁸⁶ af heyi. Engjarnar voru sagð-

⁸⁴ *Jarðabók*, 1849, nr. 336.

⁸⁵ ÞÍ. *Biskupsskjalasafn*, úttekt 22. apríl 1899.

⁸⁶ 1 hestur er um 100 kg.

ar þokkalegar, grasgefnar, bæði þurrar og blautar. Engi á Glaumbæjareyjum fyrir austan Djúpukvísl gaf um 1000 hesta af heyi. Beitiland var gott þegar náðist til þess, en vandinn við beitiland á eyjunum var sá að það lá undir gaddi meiri hluta vetrar og var þá ónýtanlegt. Smalamennska var þægileg að undanteknu því að Djúpukvísl var oft ill yfirferðar.

Árið 1918 fylgdu jörðinni 2 kýr, einn áburðarhestur, ein stóðhryssa og eitt veturgamalt trippi og hafði heldur fækkað í meðgjöfinni á þeim 350 árum frá því að séra Gottskálfur nytjaði jörðina, enda var búið að sneiða hana niður í fleiri parta en þá. Gripagirðing var komin um túnið, en hún var léleg.

Jarðirnar Vatnsskarð, Halldórsstaðir, Elivogar og Víkur á Skaga voru seldar undan prestsetrinu í tíð séra Hallgríms. Kúgildi á Ytri- og Syðri-Húsabakka, Jaðri, Hátúni og Miklagarði fylgdu setrinu þegar hann lét af embætti. Heimastaðnum fylgdu 2 kýr, 1 hestur, 1 hryssa með veturgömlu trippi. Þegar séra Gunnar Gíslason tók við staðnum 1943 fékk hann með honum: 1 kú, 1 fullorðinn hest og 1 hryssu með veturgömlu trippi.⁸⁷ Þá var búið að girða heimatún og úthaga og eitthvað niður Eyjar. Fjórþætt girðing var á Ásnum frá því séra Hallgrímur lét girða hann árið 1926.⁸⁸



Næst á myndinni er smiðja, þá syðri og norðari skemma. Þá tvær stofur, bæjardyr og eldiviðarskemma. Til vinstri eru þil suðurdyra og hálfþil baðstofunnar.

⁸⁷ HSk. *Seylubréppur úttektabók 1931-1945*. 8. júní 1935 og 17. júlí 1942.

⁸⁸ HSk. *Seylubréppur úttektabók 1931-1945*. 8. júní 1935.

Heimilisfólkið

Síðustu þrjár aldir virðst fjöldi heimilisfastra í Glaumbæ hafa verið mestur á fyrri hluta 19. aldar, en minnstur um miðja 20. öld.⁸⁹

1703	1801	1816	1850	1901	1920	1940
11	12	17	10	6	14	4

Árið 1801⁹⁰ voru 12 manns til heimilis. Séra Eggert Eiríksson sóknarprestur, kona hans frú Þóra Björnsdóttir og tvö lítil börn þeirra, ung systurdóttir Eggerts, þrjár vinnukonur, tveir vinnu-menn, Aldís Sveinsdóttir húskona og sonur hennar Jóhannes Jónsson.⁹¹ Tekið er fram að presturinn lifi af búi sínu, kornvöru sem hann kaupir í kaupstað, leigukúgildum á kirkjujörðunum og einhverju af fiski sem hann varð sér úti um.

Samkvæmt manntali árið 1816 voru 17 manns í heimili hjá séra Magnúsi Magnússyni og Sigríði Halldórsdóttur Vídalín. Það voru sjö börn þeirra: Halldór, Stefán, Einar, Anna, Ragnheiður, Nikulás og Bjarni⁹² á aldrinum 1-12 ára, og fimm börn Magnúsar af fyrra hjónabandi þau Páll, Jón, Magnús, Málfríður og Ragnheiður, á aldrinum 15-24 ára. Auk þeirra var heimilisfastur vinnu-maður, vinnukona og niðursetningur, 15 ára stúlka fædd í Glaumbæ. Þörf séra Magnúsar fyrir vinnufólk var lítil þar sem hann átti mörg uppkomin börn sem unnu búinu.

Árið 1845 voru 19 manns til heimilis í Glaumbæ. 2 höfðu þar viðdvöl um stundarsakir þegar manntalið fór fram. Staðarhaldari séra Halldór Jónsson og kona hans frú Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir áttu eitt barn á fyrsta ári. Í heimili var einnig tvítug dóttir

⁸⁹ Taflan er byggð á upplýsingum í grein Hjalta Pálssonar um Glaumbæ í *Bygðasögu Skagafjarðar II* og manntölum.

⁹⁰ *Manntal á Íslandi 1801*. Bls. 101.

⁹¹ *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890, IV*. Bls. 166-167. Aldís var í húsmennsku í Glaumbæ frá 1798. Jóhannes ólst upp og þjónaði á heimili prests þar til hann fór sjálfur að búa 1812.

⁹² Sigríður Halldórsdóttir Vídalín frá Reynistað var systir þeirra Reynistaðarbræðra, Einars og Bjarna, sem urðu úti á Kili árið 1780. Hún var seinni kona séra Magnúsar. Yngsta dóttir Magnúsar og Sigríðar hét Ingibjörg. Sjá Jón Espólín, Einar Bjarnason, 1978. Bls. 115, 164.

hennar og 11 ára sonur ekkjunnar eins og sagt er, en ekki sagt hver hún var. Einn vinnumaðurinn var titlaður söðlasmiður og tveir voru lærisveinar hans. Þrír aðrir vinnumenn voru, sex vinnukonur og einn niðursetningur, 4 ára drengur úr sókninni.⁹³

Séra Hallgrímur Þjónaði Glaumbæ frá 1894 til 1935 og bjó mest-alla sína tíð á hluta af jörðinni, á móti öðrum bændum. Árið 1931 bjuggu þar ásamt honum: Jón Jónsson bóndi 45 ára og Soffía Jósafatsdóttir kona hans 44 ára. Þau áttu 3 börn: Sæmund 16 ára, Hansínu 8 ára og Valtý 7 ára. Til heimilis voru einnig: Jón Helgason vinnumaður 56 ára og Jónína Jónsdóttir vinnukona 62 ára. Í Glaumbæ bjuggu þá einnig tvær húskonur þær Sigurlaug Vigfúsdóttir 60 ára, Líney Sigurjónsdóttir 27 ára og Markús Sigurjónsson húsmáður 22 ára, seinna bóndi á Reykjarhóli.

Árin 1927-1938 bjuggu Jón Jónsson og Soffía Jósafatsdóttir á móti presti í Glaumbæ. Sæmundur Jónsson og Mínerva Gísladóttir bjuggu þar árið 1938 og frá 1938-1942 Einar Ingólfur Eyjólfsson og Áslaug Benediktsdóttir. Árið 1942 settust þrjár fjölskyldur að í Glaumbæ. Séra Ingólfur Ástmarsson og Rósa B. Blöndals bjuggu þar í eitt ár til 1943. Ólafur Þorsteinn Jónsson og Halldóra Guðrún Ívarsdóttir ekkja voru árinu lengur, en Björn Jónsson og Helga Ingibjörg Guðmundsdóttir bjuggu þar til 1947. Börn þeirra voru Pála og Guðmundur. Einnig bjó þar Guðrún Sveinsdóttir, skráð húskona, fædd 1909 og þrjú börn hennar: Fjola Heiðdal fædd 1933, Ingimar Vorm fæddur 1939 og Lilja Þuríður fædd 1943. Guðrún var með eigið heimili og bjó í norðurstofunni með börnin sín. Þau fluttust öll í burtu árið 1947.

Þar með var raunverulega hætt að búa í gamla bænum, en húsmenn fengu þar inni, í íbúðarherberginu og baðstofunni í nokkur ár í viðbót. Sigurberg Ólafsson átti þar heimili frá 1948-1951 og Ingvar H. Sigurðsson, sem ýmist er titlaður húsmáður eða eftirlitsmaður, bjó í Gusu fram á 6. áratuginn. Hann var safnvörður í nokkur ár eftir að Bygðasafn Skagfirðinga opnaði sýningu í bænum 1952.

⁹³ Einn þeirra var hestamaðurinn Jakob Jónsson sem varð prestur í Glaumbæ 1890-1894.



Þegar flett var ofan af skálanum frá 11. öld voru aðeins 10-15 cm niður á torfveggina. Hætt er við að hefði túnið verið endurunnið með vélum nútímans, hefði ljóst öskulag frá Heklugosi 1104, sem lá yfir veggjabrotunum, verið plægt upp og tætt saman við grassvörðinn. Ljós m.JSt.

Þróun bæjar og húsa

Árið 2001 fundust mannvistarleifar frá 11. öld, í túninu, tæpum 200 metrum, austur af gamla bænum í Glaumbæ. Fundurinn sýnir að bæjarhús hafa ekki alltaf staðið þar sem bærinn stendur nú og könnunarskurður sem grafinn var í öskuhauginn suðvestan við gamla bæinn, leiddi í ljós að þar var fyrst fleygt ösku um og eftir 1104.

Sumarið 2003 var umfang og eðli minjanna kannað og árið 2005 var flett ofan af þeim. Í ljós kom 33 m löng og 8 metra breið bygging með viðbyggingum. Húsið virðist hafa verið yfirgefið fyrir 1104. Fundurinn er afar þýðingarmikill og sannar að víða leynast minjar þótt engin merki þeirra sjáist á yfirborði jarðar. Ef hlaðið yrði ofan á útveggi bygginganna, ofanjarðar, myndu útlínur fyrstu húsa í Glaumbæ sjást. Þá væri hægt að bera saman þýðingarmikla áfanga í þúsund ára þróunarsögu torfbæjanna, frá 11. og 19. öld. Á næstu árum þurfa ítarlegri rannsóknir að fara fram til að sjá með vissu hve gömul búseta í Glaumbæ er, hvern-

ig fyrstu hús litu út og hvernig þau voru notuð og verður spennandi að vita hvað leynist þar sem skálinn og tengibyggingar hans liggja í moldum.




Teikningin sýnir langhúsið sem fannst 2001 og tengsl þess við hugsanlegar viðbyggingar, eins og þar birtust þegar flett var ofan af veggjunum. Nokkrir aðrir veggir hafa greinst, m.a. einn sem virðist byggður upp fyrir 1000. Teikn. Douglas Bolender.

Þegar séra Jón Hallgrímsson tók við Glaumbæ af föður sínum, árið 1681, var bærinn orðinn stór gangabær með 12 húsum og innangengt í mikilvægustu húsin úr göngunum. Af bæjarhlaði blöstu við timburgaflar tveggja skemma og bæjardyra, en smíðja, skálahús, skáli og stórustofa sneru torfveggjum fram á hlað. Göng lágu frá bæjardyrum til innbæjarhúsa, en bæjarhúsin voru öll sambyggð þannig að endar húsanna sneru að göngunum og langveggir voru sameiginlegir tveimur húsum í senn, nema á baðstofunni, sem stóð aðeins fjær.⁹⁴ Bæjardyrnar voru þiljaðar. Moldargólf var þar og í göngunum, eins og í öllum húsum öðrum en skála, stórustofu, litlu baðstofu og hluta baðstofunnar. Skálinn var á vinstri hönd þegar inn var komið. Ellefu manns voru í heimili og sváfu níu í skálanum. Þar var sofið og unnið. Stórustofa var á hægri hönd, þrjú stafgólf⁹⁵ að lengd, og þiljuð í hólfi og gólf með föstu borði og bekkjum. Einfalt timburþil var á milli stórustofu, bæjardyra og skála. Skálinn var fimm stafgólf að lengd. Þrjú innstu stafgólfin voru þiljuð, hin óþiljuð. Þar inni voru tíu rúm. Inn af skálanum var óþiljaður klefi sem í úttektinni er kallað skálahús.

⁹⁴ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 115.

⁹⁵ Stafgólf er bilið milla stafa (stoða) í húsgrindinni. Það gat verið frá 110-170 cm langt og styttri í sumum tilfellum. Ýmist er talað um stafi eða stoðir.

Hugsanlega var það leif stofu eins og tíðkaðist á bæjum frá því um og fyrir 1100.⁹⁶ Í „fornstofum“ þessum var lægra undir loft en í skálanum, og eldstæði eða grjóthlaðinn ofn í stofuhorni. Framhúsin þ.e. skálahús, skáli, bæjardyr og stórstofa voru stafverkshús með torfveggjum. Skemmur og smiðja voru með einfaldri grind og torf- og grjóthlöðnum veggjum, utan framþil skemmanna. Eldhúsið var á sama stað og nú, þrjú stafgólf að lengd og hlóðum við endavegg eins og enn er. Litla baðstofa var tvö stafgólf að lengd, alþiljuð, með timburgólfi. Sennilega stafverkshús. Tröppur voru upp á gólf að ganga og tvö rúmstæði í suðurenda, hvort sínu megin við gluggann. Þarna sváfu prestshjónin. Engar vísbendingar eru um upphitun, en fast borð með bekkjum var við vesturvegg og glergluggi á torfhlöðnum suðurgafli. Innar í göngum var svokallað borðhús þar sem matarílát voru geymd og matur skammtaður. Borðhúsið var þriggja stafgólfa langt. Á móti voru tvö samliggjandi búr, hvort um sig eitt stafgólf að lengd. Þar voru stórkeröld innan veggja. Þetta voru forðabúr heimilisins þar sem geymdur var súrmatur, korn og þurrmeti.



⁹⁶ Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 29, 33. Teikningar af grunnfleti bæjarins á 17., 18., og 19. öld eru frá Þjóðminjasafni Íslands. Torfveggir hafa verið litaðir og nöfn húsa sett á sinn stað.

Innsta húsið í bæjarþyrpingunni, og aðeins fjær, var baðstofan. Hún var þrjú stafgólf að lengd með palli í öðrum enda. Inn af henni, upp af pallinum, í norðurenda var svokallað hús. Það var alþiljað og bekkir með veggjum. Þarna sat heimilisfólk við vinnu sína. Í baðstofunni var ofn eða ónn til að hita upp. Áður fyrr voru ónshús hluti baðstofunnar⁹⁷ eða lítil hús byggð „út úr baðstofu yfir steinofn, reykofn“.⁹⁸ Vafalaust voru skjágluggar á skála og eldhúsi, en gluggasetning á þessum tíma er óljós. Af þeim húsum sem þarna voru komin standa enn tvö á sínum stað, þ.e. eldiviðarskemma og smiðja. Tvö önnur eru á svipuðum slóðum, langabúr sem er þar sem búrin tvö voru og eldhúsið. Þá er enn hús á sama stað og litlabaðstofa, þ.e. litlabúr. Önnur hús hafa breyst og færst til.

Þegar séra Grímúlfur tók við árið 1727 var forveri hans séra Egill Sigfússon búinn að fjarlægja húsið við baðstofuna og lengja um tvö stafgólf, og setja glugga á vesturvegginn. Hluti nýju baðstofunnar var á palli. Yfirleitt voru baðstofur kyntar a.m.k. einu sinni í viku á efnameiri heimilum á þessum tíma. Í tíð séra Grímúlfs urðu miklar breytingar á bænum. Stórustofa vék og í hennar stað reis annað stofuhús einhvern tíma á bilinu 1734-1750. Nýja stofan sneri þvert á stefnu stórustofu, með stafn að hlaði. Hún var þiljuð í hólf og gólf, og portbyggt loft yfir. Sennilega hefur hún verið stafverkssmiði af sömu gerð og sjá má í portbyggðu bæjardyra biskupsekkjunnar⁹⁹ að Reynistað, sem er frá 1759 og standa enn. Á stofunni voru glergluggar og dyr á slagþili, svo hægt var að ganga beint út á hlað. Dyr voru einnig til bæjardyra. Umbúnaður var að öðru leyti ekki tíundaður, en gera má ráð fyrir að þar hafi áfram verið fast borð með bekkjum eins og tíðkaðist í stofum fyrimanna um aldir.¹⁰⁰

⁹⁷ Arnheiður Sigurðardóttir, 1966. Bls. 73.

⁹⁸ Hörður Ágústsson, 1998. Bls. 67.

⁹⁹ Árið 1758 brunnu flest bæjarhúsin á Reynistað til kaldra kola. Þóra Björnsdóttir ekkja Halldórs Brynjólfssonar biskups á Hólum 1746-1752 sem bjó þá þar lét byggja bæinn upp á árunum 1758-1760.

¹⁰⁰ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 120. Líklegt er að Jón Þorláksson frá Stóru-Seylu, sem var sagður mikill smiður og var tengdasonur Grímúlfs, hafi unnið að byggingu stofunnar og fleiri bæjarhúsa fyrir prest.

Sennilega sváfu séra Grímúlfur og frú Steinunn, fyrri kona hans, í litlubaðstofunni á búskaparárum sínum. Svefnstaður prests var kominn inn í baðstofu fyrir 1784 og vera má að frú Guðrún, seinni kona Grímúlfs hafi staðið fyrir því, væntanlega til að njóta ylsins frá ofninum þegar kveikt var upp í honum. Einhvern tíma milli 1765-1775 stytta þau eldhúsið og skiptu húsinu þannig að eldiviðargeymsla var sett framan við eldhúsið. Hlóðir voru við norðurvegg, eins og enn er. Innangengt var úr eldiviðargeymslunni um mjó göng út í skans norðan við bæinn, þar sem taðhlaðinn var. Grímúlfur fjarlægði borðhúsið og setti búrin tvö undir eitt þak. Þar var komið langabúr, sem enn stendur, þriggja stafgólfa langt ennþá, með ásapaki. Séra Hallgrímur lét það halda sínu lagi 1921 þegar hann gerði við það, en í stað ásapaks kom sperrubak. Átta stoðir standa á stoðarsteinum. Ofan á þær eru lögð syllur (lausholt) langsum og bitar þar ofan á. Átta sperrur eru í þaki, með fjórum langböndum á hvorri hlið og árefti yfir. Þá var þriggja rúðna gluggi á vesturhlið, gluggi á suðurkampi og léleg hurð á járnum inn í göngin. Í bæjarviðgerð árið 1939 var hlaðið fyrir glugga á suðurkampinum. 1969 voru settir tveir tveggjarúðna gluggar á búið, hvor sínum megin. Á næstsýðsta stafgólfi að austan og á sýðsta stafgólfi að vestan.¹⁰¹ Sama ár voru veggirnir hlaðnir úr klömbruhnaus og streng.¹⁰² Þannig er það nú. Húsið er með moldargólfi og óþiljað. Þetta hús telst vera næstelsta hús bæjarins að gerð og hlutverki.

Séra Grímúlfur setti portloft á bæjardyrnar og bakdyr á göngin, við baðstofu, einhvern tíma fyrir 1775. Um bakdyrnar var gengið til gegninga og með öskuna út á haug. Sú tilhögun er vísbending um að baðstofan var að breytast í aðalíveruhúsið. Grímúlfur tók niður skemmuna sunnan skálans og færði aðeins norðar, í staði skálahússins. Við tilfærsluna gleikkaðiundið á milli skemmu og smíðju og hún var ekki lengur sambyggð bænum.


Skemma, nyrst í bæjarhúsaröðinni stóð óhreyfð og er sannarlega elsta hús bæjarins að hlutverki og staðsetningu. Hún er þrjú stutt stafgólf að lengd með fjórum stoðapörum á stoðarsteinum, sem

¹⁰¹ HSk. Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands, nr. 4, 1934.

¹⁰² *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1969. Bls. 153.

flestar voru endurnýjaðar 2002, nema á þilinu. Í skemmunni, sem hefur gegnt hlutverki eldiviðarskemmu frá dögum séra Magnúsar 1814, hefur verið komið fyrir blásturskerfi fyrir bæinn.

Þegar séra Eggert Eiríksson tók við staðnum 1784 hafði hlaðsýn bæjarins breyst talsvert.¹⁰³ Við blöstu fjögur timburþil og langveggur skálans úr torfi.




Litlabaðstofa var ekki lengur notuð sem svefnhús. Hún var óinnréttað, óþiljað, þriggja stafgólfa hús með engum rúmum. Milli ganga og húss var timburþil. Þótt húsið væri ekki lengur notað sem svefnhús hélt það nafni sínu fram á 20. öld. Óvíst er hvenær húsið fékk hlutverk búrs, en líkur eru á að það hafi einmitt verið í tíð séra Eggerts.

Séra Eggert stúkaði bæjardyrnar í sundur í anddyri og forstofu. Hann tók niður eldiviðarkofann framan við eldhúsið og lengdi það í þrjú stafgólf. Tvö rúmstæði voru í baðstofunni, í norður

¹⁰³ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 115.

enda, og fast borð með bekkjum undir vesturglugga, þar sem unnið var og matast.

Þegar séra Magnús Magnússon og Sigríður H. Vídalín tóku við Glaumbæ árið 1814 voru enn tvö rúmstæði í baðstofunni, en í skálanum aðeins þrjú.¹⁰⁴ Hafi þau hjón ekki látið eitthvað af fólki sínu sofa í rúmpletum á gólfinu, er greinilegt að margir hafa þurft að deila rúmi með öðrum, því samkvæmt manntali árið 1816 voru 17 manns hjá þeim í heimili. Reyndar voru í tölunni bráð-ung börn sem ekki voru rúmfrek.



Þau Sigríður og séra Magnús notuðu stofu Grímúlfs og skálann, sem var aðeins þiljaður í syðri enda, þar sem rúmin voru. Ytri skemmuna höfðu þau fyrir eldiviðargeymslu. Sú syðri hélt sínu hlutverki. Smiðjukofi var „sunnan við hús“. Þar hafa oft glumið hamarshögg því séra Magnús var slyngur járnsmiður. Smiðjan er á sama stað og þá. Hún er þrjú stafgólf að lengd. Stodir (stafir)

¹⁰⁴ Hörður Ágústsson, 2004. Bls. 116.

standa á stoðarsteinum. Syllur (lausholt) eru felldar á stoðir, þverbitar þar á og kálfasperrur ofan á. Langbönd eru lögð á sperrur, árefti ofan á langbönd og tyrft yfir. Tveggja rúðna gluggi er yfir dyrum á slagbili smiðjunnar, sem er standandi listapil, þ.e. listar eru yfir samskeytum milli borða. Einfaldar vindskeiðar. Smiðjan hefur fengið aðhlynningu nokkrum sinnum, en engu breytt nema gluggasetningu og hurð. Í húsinu eru ýmsar spýtur sem bera merki þess að hafa verið notaðar áður, og í öðrum húsum.

Dagana 10.-24. júní 1837 lét séra Magnús menn sína gera við göng og eldhús. Nikulás prestssonur skrifaði í dagbók sína þann 24. júní: „þöktum við eldhúsið og göngin til fulls og erum þá klárir við það nema nokkuð af mold sem eftir er að flytja burt“ og 4. júlí „settum við hlóðirnar í eldhúsið“.¹⁰⁵ Hlóðirnar eru eins og Nikulás skildi við þær. Árið 1894 var eldhúsið „með 10 stoðum [...] syllum, 3 bitum, og 5 sperrum, 3 langböndum á hlið og mænirtróðu, þverrept með brúklefum við, dyrainngangur reptur með 3 spýtum. Hurð á járnum með dyrastöfum.“ Árið 1984 var þessum gömlu viðum skipt fyrir nýja. Grindin er viðuð með sama svip og áður, úr rekaviði. Bitar og syllur eru felld á stoðir, sem standa á stoðarsteinum. Langbönd eru lögð á sperrur og reisifjöl þar á. Endagaflinn, á bak við hlóðirnar, er hlaðinn úr grjóti í streng til að verjast neistaflugi úr hlóðunum. Húsið er annars mestallt hlaðið úr streng, en Glaumbæjarhnaus¹⁰⁶ bregður fyrir í uppgildingu í vesturvegg. Árið 1994 var austurveggur hlaðinn úr streng eins og áður. Húsið er ópiljað með moldargólfi. Það er fjögur stafgólf að lengd, með tveimur gluggum á nyrsta stafgólfi að austan og á næstsyðsta stafgólfi að vestan. Litlar breytingar urðu á baðstofunni í tíð séra Magnúsar aðrar en að glergluggi var settur á norðurhluta hennar að austan. Gluggarnir á baðstofunni voru þá orðnir þrír. Munnmælasaga er um að séra

¹⁰⁵ HSk. Landsbókasafn. 1827, 4to: Dagbók Nikulásar Magnússonar í Glaumbæ.

¹⁰⁶ Í Glaumbæ finnst afbrigði af klömbruhnaus sem hefur ekki sést annars staðar, svo vitað sé. Hnaus þessi er í veggjum frá fyrri hluta 20. aldar. Hann er stunginn jafnhliða, jafnlangur og jafnbreiður. Lengd hnaussins er jöfn breidd veggjarins (Sigríður Sigurðardóttir, 2007. Bls. 14-16).

Magnús hafi einhvern tíma um 1820 talað fjálglega um stórauðna kirkjusókn hjá sér, sem hann gladdist yfir, og taldi áhuga sóknar-barnanna á guðsorðinu mjög af hinu góða, en gárungarnir töldu þann áhuga fremur stafa af nýja sexrúðna glerglugganum sem prestur hafði sett á baðstofu sína.

Þegar séra Halldór Jónsson og Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir tóku við af séra Magnúsi árið 1841, var eitt rúm í skálanum sem þau fjarlægðu. Séra Halldór var ekki lengi í Glaumbæ, en hann var stórtækur í viðgerðum og breytingum. Hann gerði við skálann á árunum 1841-1843 og setti loft á hann. Halldór byggði upp nýja stofu norðan bæjardyra í stað Grímúlfsstofu. Stofa Halldórs, sem alltaf er kölluð Bláastofa, er portbyggt bindingsverkshús undir reisifjöl, með lofti yfir og fjalagólfi. Hún er þrjú stafgólf að lengd og með listapili. Einn sexrúðna gluggi með miðpósti er á hvorri hæð. Dyr snúa til bæjardyra með spjaldahurð.¹⁰⁷ Lokrekkja er í vesturenda stofunnar. Önnur húsgögn eru laus. Árið 1934 var stofan notuð til íbúðar. Þá var þar eldavél.¹⁰⁸ Gert var við stofuna á árunum 1939 og 2001-2002. Sagnir herma að Jónas skáld Hallgrímsson hafi gisti í stofunni nýbyggðri og fengið þar fregnir af andláti vinar síns, Bjarna amtmanns Thorarensen.¹⁰⁹ Lagðist hann niður í hlaðvarpann og orti erfiljóð:

*Skjótt hefur sól brugðið sumri,
því séð hef ég fljúga
fannhvíta svaninn úr sveitum
til sóllanda fegri.
Sofinn er nú söngurinn ljúfi
í svölum fjalldölum,
gráþögull harmafugl hnípir
á húsgafli hverjum.*

*Skjótt hefur guð brugðið gleði
góðvina þinna,
ástmögur Íslands hinn trausti
og attjarðar blóminn!*

¹⁰⁷ HSk. Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951. No. 454.

¹⁰⁸ HSk. *Virðingargjörð Brunabótaséls Íslands*, nr. 4, 1934.


¹⁰⁹ Jón Sigurðsson, 1960. Bls. 12.

*Aður sat itur með glöðum
og orðum vel skipti.
Nú reikar harmur í húsum
og bryggð á þjóðbrautum.*

Séra Halldór Jónsson tók baðstofuna að mestu niður á árunum 1843-1844 og byggði upp nýtt hús af bindingsverki. Baðstofan var þá orðin aðal íveruhús bæjarins. Hún var sex stafgólfa löng, á bekk sem kallað var. Þá var timburgólf smíðað í hnéhæð frá moldum til að einangra og verja tréverkið. Gengið var upp á gólfíð úr göngunum um tvö þrep. Hurð á járnum var fyrir baðstofudyrum.

Veggstoðir standa á stoðarsteinum og fótstykki er fellt á þær. Ofan á stoðirnar falla syllur og bitar og þar á sperrukjálkar. Skammbitar eru miðs vegar á öllum sperrukjálkum. Stubburinn sem tengir sperrurnar saman í mæninn og gerir þær flatar í toppinn heitir kálfur. Veggir eru klæddir upp á syllu. Fjögur langbönd eru lögð á sperrurnar og reisifjöl þar yfir. Gæta þurfti að því að hús væru ekki of gleið og þekjan of hallalítill því þá vildu veggirnir ganga út undan þunga þaksins. Leitast var við að fella rúm að lengd stafgólfa, sem hér eru á bilinu 164-170 cm. Rúmgaflarnir þjóna stóru hlutverki, því bitinn, sem felldur er í stafinn, tengir hann við stoð og syllu og stífar af staf og grind.

Séra Halldór skipti baðstofunni í þrennt með þilveggjum, fimm rúmstæði voru í miðbaðstofu, tvö þvert um gafl í suðurhúsi og þrjú í norðurhúsi. Það veitti ekki af rúmunum því 17 manns voru til heimilis hjá þeim séra Halldóri og Gunnþórunni árið 1845. Engin upphitun var í baðstofunni önnur en fólkið sjálft. Engar heimildir eru um að í Glaumbæ hafi verið kippt inn kindum til að nýta plássíð og ylinn, eins og víða var gert á bæjum í Skagafirði, og fjósbaðstofa var aldrei í Glaumbæ, en þá voru kýr hafðar undir gólfi. Um svipað leyti og baðstofan var endurgerð var byggt hús yfir bakdyrainnganginn, ýmist kallað suðurdyr eða Brandahús. Þar geymdi fólk utanyfirhafnir sínar og þar um var borin aska úr hlóðunum og brandar og annar eldiviður til eldhússins.



Þegar séra Jón Hallsson og Jóhanna Hallsdóttir tóku við bænum árið 1874 létu þau verða sitt fyrst verk að ljúka byggingu tré-kirkjunnar sem séra Hannes hafði byrjað á og stóð frammi á hlaði, gegnt Bláustofu. Á árunum 1876-1877 lengdu þau baðstofuna um tvö stafgólf til norðurs. Þannig er hún enn. Henni hefur verið skipt í herbergi, nokkrum sinnum, eftir tíð og tíma. Hún varð átta stafgólfa löng við breytingarnar 1877. „Eitt afþiljað hús með innstemmdri hurð og járnum [er] í norðurenda baðstofunnar með einum 6 rúðu glugga og einum 2 rúðuglugga.“ Í miðbaðstofu, sem í úttekt 1894 er kölluð frambaðstofa, voru „2 fjögur-rúðu gluggar hvor hjá öðrum og þrír tveggjarúðu gluggar með tilhlýðilegum gluggaumbúningi. ... Fjalagólf fylgir aðeins einu stafgólfi baðstofunnar. Þiljur fylgja til hliðar í tveimur stafgólfum“¹¹⁰ sem og „innanþiljur, rúmsumgjarðir og suðurhús í bað-

¹¹⁰ HSk. Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951. No. 454. Úttekt 1894. Séra Jakob lauk við að þilja baðstofuna eftir að hann tók við bænum, og seldi þær séra Hallgrími gegn sanngjörnu verði. Sama gluggasetning er

stofunni, ásamt innri gluggum.“ „Fyrir baðstofunni er hurð á járnum með klinku.“¹¹¹ Veggirnir voru gildaðir upp. Það þýðir að séra Jón hefur notað gömlu torfveggina að hluta til þegar hann gerði við 1877. Hálfstafn með listapili er á suðurgafli baðstofunnar, neðri hlutinn var strenghlaðinn, úr torfi, eins og aðrir veggir hennar. Þannig er hún enn. Árið 1921 var baðstofunni skipt „í 4 hólf með timburskilrúmum, með 5 föstum rúmsumgerðum, ofni og eldavél“. ¹¹² Fjalagólf var í einu stafgólfi í miðbaðstofunni og þiljur í tveimur. Moldargólf gæti hafa verið í tveimur stafgólfum þá. Syðst í miðbaðstofu var afþiljað eitt stafgólf, kallað Kokkhús. Þar var sett inn eldavél stuttu fyrir aldamótin 1900. Þar var fastur bekkur og diskarekki á vegg.¹¹³ Árið 1935 voru fimm föst rúm í baðstofunni og ofn í hvoru endaherbergi.¹¹⁴ Inn voru komin laus rúm. Síðustu ár búskapar í bænum voru tvær eldavélar í baðstofunni, önnur var komin í norðurhúsið¹¹⁵ sem notað var til íbúðar. Um 1940 bjuggu 3 fjölskyldur í bænum um tíma og höfðu eigin eldavélar, í norðurhúsi, miðbaðstofu og Bláustofu. Baðstofan fékk aðhlynningu 1939-1941.¹¹⁶ Þá var rúmstæðum í Prestshúsi breytt þannig að lokrekkjur voru settar við hvorn vegg. Áður voru bæði rúmin við vesturvegg.

Árið 1948-1949 voru eldavélar og ofnar fjarlægðir og föstum rúmum fjölgað í það horf sem hafði verið á 19. öld og stofunni skipt í þrennt. Hurðir á járnum eru fyrir hvoru húsi. Fjórir gluggar eru kvennamegin á miðbaðstofunni, enginn piltameginn. Sexrúðna gluggi er móti uppgöngunni en tveggjarúðna gluggi er á hverju stafgólfi, yfir rúmum. Sexrúðna gluggi er á suðurgafli í suðurhúsi og á vesturvegg í norðurhúsi. Annar gluggi er þar á austurvegg, tveggjarúðna, með opnanlegu fagi. Árin 1980 og

enn í baðstofunni, nema í stað tveggja fjögurrúðna glugga er einn sexrúðna gluggi.

¹¹¹ HSk. Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951. No. 454. Úttekt frá 1894.

¹¹² HSk. Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951. Skrifað: „40 ára“.

¹¹³ HSk. Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands, nr. 4, 1934.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ HSk. Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands, 1940.

¹¹⁶ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1981. Bls. 172.

2001 var baðstofan lagfærð og þess gætt að halda í horfinu, í anda upprunans á 19. öld.

Séra Jón Hallsson tók skálann og bæjardyrnar niður árið 1879 og reisti í staðinn portbyggt hús. Í þessu nýja háreista húsi var stofa með geymslulofti yfir og afþiljaðar bæjardyr. Hús þetta setti mikinn svip á bæinn. Stofa séra Jóns er ýmist kölluð gestastofa eða Suðurstofa og er með sama sniði og 1879-1894. Þrisvar var gert við hana á 20. öld: 1935, 1978 og 2003.¹¹⁷

Stofan er portbyggt bindingsverkshús með reisiföl. Á loftinu er einn sexrúðna gluggi, og tveir niðri, fremur stórir með miðju-pósti. Loftbitar og grind eru klædd þannig að ekkert sést af burðargrindinni. Brjóstþil er blátt ofan miðbands og eikarmálað neðan við. Loftið er hvítt. Að utan er gaflinn klæddur listapili, sem á eru tvöfaldar vindskeiðar. Ýmsir viðir stofunnar eru ættaðir úr eldri húsum, svo sem gólfborð sem áður hefur verið á slagpili stafverksbyggingar, og gæti verið af stofu séra Grímúlfs.

Séra Jón byggði tvö ný hús í bilið norðan bæjarganganna milli eldhúss og baðstofu. Það voru norðurbúrið og íbúðarherbergi það sem í dag er kallað Gusa. Hann mun einnig hafa byggt skemmu við Suðurstofu í stað þeirrar sem áður var. Norðurbúrið byggði séra Jón einhvern tíma milli 1874 og 1879. Upphaflega var það tvö stafgólf, en var lengt um önnur tvö 1939-1941. Það er með fjórum gluggum og moldargólfi. Búrið var að falli komið árið 1966 þegar það var endurbyggt¹¹⁸ og allir viðir endurnýjaðir. Á endagaflinn var sett hálfþil og borð fyrir framan, sem enn er. Árið 1990 var aftur gert við búrið. Veggir voru gildaðir upp og allir grindarviðir endurnýjaðir nema norðurgaflinn og hálfþil þar á. Sperruendar hvíla á syllum og eru skammbitar ofarlega á milli sperrukjálka, eins og í Gusu. Árefti var lagt þversum á sperrurnar, en á þeim eru engin langbönd.

¹¹⁷ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1978. Bls. 150. Ársskýrsla

Byggðasafns Skagfirðinga 2003.

¹¹⁸ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1967. Bls. 134; 1968. Bls. 124.



Bogamyndaður fjögurra rúðna glugginn, yfir útidyrum, setur mikinn svip á bæinn.

Íbúðarherbergið Gusa er alþiljað bindingsverkshús, með reisifjöl, fjögur stafgólf að lengd og á því eru fjórir fjögurrarúðna gluggar. Tveir að austan og tveir að vestan á nyrstu og næstsyðstu staf-

gólfum. Engir þverbitar eru milli sperruenda en skammbitar eru á miðjum sperrukjálkum. Reisiföl er lögð á langbönd. Árið 1921 er talað um Gusu sem íbúðarherbergi og þar sagður einn gluggi og „þiljað að öðru en ofan lausholta“.¹¹⁹ Árið 1940 er húsið kallað Lesstofa.¹²⁰ Þegar gert var við 1939-1941 var húsið lengt um eitt stafgólf og um leið hvarf heytóft norðan við bæinn. Gusa fékk góða viðgerð árið 1967¹²¹ og aftur 1989 er húsið var þiljað innan¹²², eftir að hafa verið lokað í nær tvo áratugi. Árið 2004 var gert við fúa í grind og torfveggir endurhlaðnir.¹²³

Séra Jakob Jónsson tók við bænum árið 1890 byggði skemmu í bilið milli skemmu séra Jóns og smiðjunnar þegar hann tók við, þiljaði bæjardyrnar innan og stækkaði suðurdyrnar.¹²⁴

Skemmurnar eru báðar með listapili og kálfasperrupökum, með einföldum vindskeiðum. Á syðri skemmu er krosspóstsgluggi með fjórum rúðum yfir dyrum, en á norðari skemmu er krosspóstsgluggi með sex rúðum. Þær eru báðar með þrennum stoðapörum á stoðarsteinum. Á syðri skemmu eru syllur lagðar á stoðir, þverbitar liggja á þeim og sperrukjálkar þar ofan á. Norðari skemman er portbyggð. Stoðir hennar standa einnig á stoðarsteinum en bitarnir eru felldir á þær ofarlega. Á vesturgafli syðri skemmu eru merki um dyr sem nú eru samfallnar og fyllt hefur verið í. Þær eru frá tíma séra Hallgríms Thorlaciusar. Hann notaði syðri skemmuna sem hesthús á fyrri hluta 20. aldar.¹²⁵ Árið 1959 var gert við norðari skemmuna „frá rótum“¹²⁶ og hélst sú viðgerð til 1992 að þök voru tekin af báðum skemmum og

¹¹⁹ HSk. *Kirkjustóll Glaumbajar 1892-1951*. No. 454.

¹²⁰ HSk. *Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands*, nr. 4, 1934.

¹²¹ *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags* 1968. Bls. 124.

¹²² *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags* 1989. Bls. 186. HSk. *Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands*, nr. 4, 1934.

¹²³ *Ársskýrsla Bygðasafns Skagfirðinga* 2004.

¹²⁴ HSk. *Kirkjustóll Glaumbajar 1892-1951*. No. 454. Úttekt 1894. Beinir tilvitnanir eru allar sóttar í úttektina frá 1894.

¹²⁵ Gunnlaugur Jónasson, Hátúni.

¹²⁶ *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags* 1959. Bls. 131.

gildað var upp í vegg. Sumarið 2007 var gert við gafhláð norðari skemmu og viðir lagaðir.

Séra Jakob stækkaði suðurdyrnar 1890-1894. Eftir breytinguna var húsið fjögurra stuttra stafgólfa langt, óþiljað, með moldargólfi, eins og enn er. Grindin er einföld eins og í búrunum. Stóðir standa á stóðarsteinum. Á þeim hvíla syllurnar. Þar ofan á eru bitar lagðir þversum og sperrukjálkar á þá. Langbönd eru lögð á sperrur, árefti er úr ýmsum afgangsbörðum. Tyrft yfir. Árin 1935 og 2004 voru veggir hússins endurnýjaðir og hlaðnir upp úr klömbruhnaus og streng. Um 1950 voru útidurnar færðar af vesturvegg á suðurvegg og sett listabil þar á.¹²⁷ Tveir gluggar eru á húsinu, annar á nyrsta stafgólfi að vestan og hinn yfir dyrum á listabili. Fyrir dyrum er hurð á járnum með rennilöku.



Teikning Daniels Bruun af Glaumbæ 1896 sýnir, frá hægri í framhúsaröð, smiðju, skemmu séra Jakobs, skemmu séra Jóns, Suðurstofu séra Jóns og Bláustofu séra Halldórs. Eldiviðarskemman, nyrst í framhúsaröðinni, sést ekki. Kirkjan frá 1876 er framan við bæinn. Næst á teikningunni er baðstofan, þá suðurdyr og langabúr. HSK.

¹²⁷ Hjörtur Kr. Benediktsson bæjarvörður sagði Þór Magnússyni að forveri hans í starfi, Ingvar Sigurðsson sem bjó í bænum til 1954, hefði lengt suðurdyrainnganginn og sett þil á stafninn með hurð og glugga, og að áður hefðu dyr verið í króknum við baðstofufagflinn.

Árið 1894 var litla baðstofa „með 8 stoðum, undir einlægum lausholtum, 4 bitum [...] , 4 toppsperrum, 3 langböndum á hlið og mænirtróðu. Þverrept með sumpart gömlum, sumpart nýlegum við. Framan undir húsinu er óplægt þil í tvennu lagi uppi undir bita og líka sett saman um hann. Fyrir dyrum er brúkanleg hurð á járnum. Skrálæst. Á húsinu er einn 4 rúðna gluggi. Veggir eru gamlir, en all stæðilegir. Þakið er brunnið.“ Ekkert var sagt hvaða hlutverki húsið þjónaði, en tiltekið er á öðrum stað að „litlabúr“ væri eign séra Jakobs.¹²⁸ Árið 1921 er sagt að öll húsín greinist hvert frá öðru með þykkum torfveggjum, nema fremsta-búr „sem er frágreint göngum með timburvegg“. Í mati 1934 var áfram talað um litlu baðstofu, sem vísar til þess hve nöfn húsanna voru föst, þótt hlutverk þeirra væri orðið annað en í upphafi. Fyrir húsinu var enn óplægt þil, með hurð fyrir „einn mænir og gluggi með lítilli rúðu. Veggir voru hálfir á kafi í jörð vestan og austan, stafn stæðilegur að sunnan, innveggir gamlir, þak bæri-legt, lítið brunnið“¹²⁹, ópiljað og með moldargólf. Árið 1948 var timburpilið við göngin tekið niður og torfveggur hlaðinn í staðinn og á húsið var sett sperruþak. Við aðgerðina styttest það um eitt stafgólf. Þrjú stoðapör á stoðarsteinum bera uppi syllur (lausholt) sem á eru lagðir bitar þversum og sperrukjálkar á. Langbönd eru lögð á sperrur og reft yfir með tréborðum. Gluggar eru tveir hvorum megin, að austan á syðra stafgólfi og að vestan á nyrðra stafgólfi. Sumrin 1967 og 1968 var gert við búið, það tyrft upp að hluta og þak lagfært 1998. Strengjahleðsla er í veggjum, en gaflar eru hlaðnir úr klömbru í streng.

Veggir bæjardyra hafa verið alþiljaðir frá dögum séra Jakobs. Milli bæjardyra og ganga er einfalt þil. Þar var skellihurð sem hefur verið fjarlægð. Bæjargöngin eru 23,5 metra löng og hafa verið á sama stað frá því baðstofa var byggð fjarst skála. Árið 1894 var „vængjahurð á járnum, með járnlokum og slagbrandi að innan-verðu“¹³⁰ fyrir dyrum. Henni var skipt fyrir heila þegar gert var við bæjarhúsin á árunum 1939-1941 en slagbrandurinn hélt sér.

¹²⁸ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1959*. Bls. 131.

¹²⁹ HSk. *Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951*. No. 454. 8. júní 1935.

¹³⁰ Sama heimild.

Gangagrindin er af fornri gerð, byggð upp með stöðum, syllum og bitum eins og í búrum og skemnum. Þakið er ásapak, sem er eldri gerð en sperrupökin, eins og er á öðrum húsum bæjarins. Mænisás hvílir á bitum sem liggja á syllum sín hvoru megin veggjar. Syllurnar hvíla á stöðum sem ýmist standa á stöðarsteinum á gólfinu eða á stöðarstúfum á veggjum, svo sem á þeim parti þar sem torfveggur var hlaðinn í stað timburþils milli ganga og litla búrs. Þetta fyrirkomulag var víðar því 1967-1968 er sagt að „stöðir í aðalgöngum, sem áður hvíldu á tréhæl, sem rekinn var í veggina, voru nú lengdar og látnar hvíla á traustri undirstöðu“.¹³¹ Ekki er tekið fram hvaða stöðir það voru. Áreftið er rifinn reka-
viður. Það er lagt ofan á þakviði, og látið ná af mæni og vel út á veggina. Þar ofan á er lagt nærtorf og tyrft yfir með venjulegu torfi. Á árunum 1939-1941 voru settir þrír gluggar á göngin sem ekki höfðu verið áður. Einnar rúðu gluggi er gegnt dyrum við uppgöngu á Suðurstofuloft og tveir tveggja rúðna gluggar eru á suðurþaki ganganna.

Vegna stöðugra uppgildinga er torf í veggjum af ýmsu tagi. Mest áberandi er fyrrnefndur Glaumbæjarhnaus með streng á milli laga. Hér og hvar eru gamlar hleðslur úr streng og klömbruhnaus. Vegna ágangs grófra skósóla var strigi settur á moldargólf ganganna til að verja það og minnka ryk í bænum. Áður fyrr var aska borin á gólfni til að þétta þau og rykbinda, því þegar askan gekkst niður myndaði hún glerharða skán sem auðvelt var að sópa. Hellur voru lagðar á bæjardyragólfið 1997. Áður var þar moldargólf.

Miklar viðgerðir fóru fram á bænum, á árunum 1939-1941, undir eftirliti Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar. Viðgerðir önnuðust Sigurður Ólafsson fræðimaður á Kárastöðum, Stefán Friðriksson trésmiður og torfhleðslumaður í Glæsibæ, Gunnlaugur Jónasson í Hátúni, Ingólfur Nikodemusson trésmiður á Sauðárkróki og fleiri.¹³² Gunnlaugur Jónasson bóndi í Hátúni stakk og risti torf til viðgerða og annaðist viðhald á torfveggjum og -þökum frá 1950-1990. Jóhannes Arason frá Múla í Kollafirði og

¹³¹ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1968. Bls. 153.

¹³² *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1981. Bls. 172.

Sveinn Einarsson frá Hríót í Útmanasveit sáu um torfviðgerðir frá 1988 til 1992 er Helgi Sigurðsson á Stóru-Ökrum tók við af þeim og hefur annast þær síðan. Tréviðgerðir hafa verið í margra höndum frá 1950. Framan af sáu Ingólfur Nikodemusson og Valur Ingólfsson um þær. Eftir 1990 hafa trésmiðirnir Kári Þorsteinsson, Gísli Kristjánsson, Bragi Skúlason og fleiri annast timburviðgerðir.

→ N



Framhúsin eru frá vinstri, smiðja, syðri skemma, norðari skemma, Suðurstofa og Bláastofa. Lengst til hægri er eldiviðarskemma. Að baki framhúsanna er tvöföld röð sex hús í innbænum. Næst eldiviðarskemmu er eldhús. Við endann á því er litlabúr. Næst eldhúsi er norðurbúr, og við endann á því langabúr. Gusa er næstfjærst og suðurdyr við enda hennar. Fjærst til hægri er baðstofan. Hægt er að ganga inn í níu hús úr bæjargöngum.


Þurrklögn var sett umhverfis bæinn 1969. Um þá framkvæmd sá vinnuflokkur frá Vegagerð ríkisins undir stjórn Gísla Felixssonar.¹³³ Um leið var lagt bílastæði vestan við bæinn. Það var fært til suðurs árið 1994. Árið 1979 var sett blásturskerfi í flest hús bæjarins til að halda honum þurrum. Kerfið var endurnýjað árið 2003.¹³⁴

Sigurður Snorrason málameistari í Stóru-Gröf málaði öll þil á bænum í hvítum og gulum lit 1968. Áður höfðu þilin verið græn með rauðum gluggum og vindskeiðum, sennilega frá tíma Ingvars Sigurðssonar 1952-1954. Fyrr voru stofurnar hvítmálaðar en önnur hús voru ómáluð.

¹³³ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1968. Bls. 124


¹³⁴ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1979. Ársskýrsla Bygðasafns Skagfirðinga, 2003.

Glaumbær er dæmigerður burstabær. Öll framhúsin snúa einföldum timburpilum fram á hlað. Yngsta gerð skagfirskra torfbæja var svokallað framhús, oft tvílyft, sem sneri timburpili að hlaði, eins og skálinn fyrrum. Gengið var í gegn um húsið til bæjarganga og þaðan eins og áður til innbæjarhúsanna. Þessi húsagerð dregur nafn af bæjarhúsum að Marbæli á Langholti, sem er skammt norðan við Glaumbæ. Gömlu framhúsin á Völlum í Vallhólmi, Tyrfingsstöðum á Kjálka, Brimnesi í Viðvíkur- sveit og Víðinesi í Hjaltadal, sem enn standa, eru af þessari gerð.




Grunnmynd bæjarins breyttist mikið þegar Gusa, norðurbúrið og Suðurstofa voru byggð á árunum 1874-1879. Síðustu breytingar voru gerðar á árabílinu 1940-1950.¹³⁵

¹³⁵ Efri teikningin er frá Edwin Sacher. Torfveggir eru litaðir og nöfn sett á sinn stað.



Teikning sýnir bæinn eins og hann varð 1950. Þá voru þær breytingar gerðar að hlaðinn var veggur á milli Litlabúrs og gangna, Gusa og Norðurbúr voru lengd um eitt stafgólf og útidyr voru færðar af vesturvegg Brandahúss á suðurgaflinn og þar settur timburgafl. Gluggi á suðurgafl Langabúrs var fjarlægður og hlaðið var upp í tóftargat sem séra Hallgrímur hafði á syðri skemmunni, sem hann notaði um tíma fyrir hesthús. Þá voru settir þrír gluggar á göngin, sem ekki höfðu verið áður.


- 1 bær
- 2 fjós
- 3 hesthús
- 4 fjárhús
- 5 fjárhús



Teikning frá 1936, eftir Edwin Sacher, sýnir afstöðu bæjar og úthúsa.


Önnur hús

Suðaustan við bæjarhólinn í Glaumbæ voru fjós og hesthús. Allgóð vitneskja er um þessi hús þar til þau voru rifin um miðja 20. öld. Í úttekt árið 1894 eru talin upp tíu útihús. Fjögur þeirra, smiðjan og skemmurnar þrjár voru sambyggð bænum eins og enn er. Suður og niður á túni voru fjós og hesthús sambyggð. Austur og niður á túni voru tvenn fjárhús, það syðra og nyrðra. Auk útihúsanna voru ýmsir kofar í næsta nágrenni.



Teikning Edwins Sachers af fjósi til vinstri og hesthúsum til hægri. Heygarður var aftan við húsin. Fjósið er fyrir 14 gripi á básum.

Í fjósinu árið 1894 voru „einfaldir jötustokkar fyrir 12 nautgripi. Fyrir ytri útidyrum var hurð á járnum, en tóptardyr voru án dyra-umbúnings“.¹³⁶ Árið 1943, þegar séra Gunnar Gíslason tók við staðnum, er það: „Sama stærð og lýst er 1935. Húsið er mjög snarað til austurs og hið hrörlegasta að öllu útliti og vart nothæft. Allmikill viður er í húsinu, en forn mjög“.¹³⁷ Árið 1935 var fjósið með 30 stoðum undir mæni og einfaldir jötustokkar voru við 12 bása. Hægt var að hýsa þar 14 nautgripi.¹³⁸ Fjósið var rífið um 1950. Séra Jakob hafði hesthús „norðan við fjós með einum mæniás á veggjum. Ein stoð undir miðjum ásunum samsettum. Hliðarás að norðan með 4 stoðum, að sunnan 3 hliðarstoðir undir röptum, 2 stoðir við vesturstafn, sömuleiðis undir mæniás“.¹³⁹ Í úttekt frá 1942 er sagt að syðra hesthúsið sé eldra. Það var „einhöluhús með tveimur ásum“. Ytra húsið var með sama sniði.



Túnakort frá 1917. Alfaraleið lá um hlaðið á prestssetrinu, milli bæjar (1) og kirkju (2) niður bæjarhólinn fyrir austan fjós og hesthús (3) suður af bænum og til norðurs fyrir austan Gunnukofa (6). Á túninu austur af bænum voru syðri, (4) og ytri (5) fjárhúsin.



¹³⁶ HSk. Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951. No. 454

¹³⁷ HSk. Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945. 17. júlí 1942.


¹³⁸ HSk. Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945. 8. júní 1935.

¹³⁹ HSk. Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945. 3. júní 1942.

Austur og niður á túni voru fjárhús á tveimur stöðum. Á teikningu sem til er af ytri húsunum má sjá að í hvoru húsi voru 14 stoðir undir mæniásam, 7 stoðir hvoru megin undir lausholtum, (syllum). Þetta voru tvístæðuhús. Ytri húsin tóku yfir 50 ær hvort hús og stóðu vel 1942. Þá voru sagðar þar tólf stoðir hvoru megin¹⁴⁰, en samkvæmt teikningu Sachers frá 1936 voru 14 stoðir í hvoru húsi. Syðri húsin voru tveggja ása hús. Undir mæniásam voru 8 stoðir og 11 undir syllum.¹⁴¹



Teikning Edwin Sachers af ytri fjárhúsunum árið 1936.



¹⁴⁰ HSk. *Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945*. 17. júlí 1942.

¹⁴¹ HSk. *Kirkjustóll Glaumbæjar 1892-1951*. No. 454; *Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945*. 8. júní 1935.

Í úttekt frá 1942 var talað um fern fjárhús í Glaumbæ, þau tvö sem hér eru talin, ytri fjárhús sem enn stóðu og syðri fjárhús sem voru fallin.¹⁴² Nýleg fjárhús yfir 30 ær voru „sunnan fjóss“. Þau voru fjögurra ása og í góðu lagi. Hitt stóð stakt „út og niður á túni“ yfir 35 ær. Það var 4 ása. Undir mænísás voru 4 stoðir og 11 undir hliðarásum. Á því var tveggja rúðna gluggi og hurð á járnum, en þak og veggir voru léleg.¹⁴³ Hvorugra fjárhúsanna var getið 1935.¹⁴⁴ Þau gætu hafa verið byggð upp milli úttekta.

Heytóftir voru víða niðri á Glaumbæjareyjum og þar voru réttir og stekkur um skeið. Örnefnið Lambhagi¹⁴⁵ þar niðurfrá vísar til þess þegar lömb voru færð frá ám til að hægt væri að mjólka þær á stekknunum. Eftir fráfarur voru ærnar mjólkaðar heima í færíkvi-um og lömbin rekin á fjall. Annar stekkur var á öðrum tíma á hjáleigunni Meðalheimi. Séra Hannes Jónsson byggði þar upp beitarhús, sem ekki voru notuð eftir að séra Jón Hallsson fór 1890.¹⁴⁶ Heimild um stekk er einnig á merkjum Glaumbæjar og Halldórsstaða, á Hólnum¹⁴⁷ sem svo er kallaður.

Á 3. áratug 20. aldar bjó þar húskona sem Rósa hét í svokölluð-um Rósukofa, sem var skammt vestan við presthúsið frá 1944. Gunnlaugur Jónasson (f. 1917) í Hátúni mundi vel eftir Rósu sem var gestrisin og góð manneskja. Hún „betrekkti“ kytruna sína með dagblöðum til einangrunar. Kofinn stóð fram um miðja 20. öld og var síðast notaður sem hrútakofi.

Á Stóruþúfu á Holtinu ofan við Glaumbæ II eru óglöggar tóftir, á að giska 250-300 m suðvestur frá fjósinu. Sunnan við mitt stykkið syðst á sléttum bala eru nokkrir steinar sem gætu verið úr vegghleðslu. Stórþýfður kragi er í kring. Þarna gætu hafa verið beitarhús fyrir langalöngu. Beint í vestur frá Stóruþúfu, á Ásnum sem næst í hásuður frá Meðalheimsbænum, er annar höll sem á

¹⁴² HSk. *Seylubreppur úttektaarbók 1931-1945*. 3. júní 1942.

¹⁴³ HSk. *Seylubreppur úttektaarbók 1931-1945*. 3. júní og 17. júlí 1942.


¹⁴⁴ HSk. *Seylubreppur úttektaarbók 1931-1945*. 8. júní 1935.

¹⁴⁵ HSk. Margeir Jónsson: Glaumbæ, örnefnaskrá, bls. 1.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Gunnlaugur Jónasson, Hátúni.

voru greinileg veggjabrot fyrir 1950. Þar hét Geitakofi. Nú er þar allt afmáð og uppgróið. Séra Hallgrímur sagði að þar hefðu geiturnar frá Glaumbæ verið hýstar fyrr á tíð.¹⁴⁸ Á túnakortinu frá 1917 er talað um *Gunnukofa*. Sá kofi kom einnig fyrir í úttekt árið 1894.



Þessi teikning Daniels Bruun frá 1898 gæti verið Gunnukofi.



Bærinn þarf stöðugt viðhald og árlega þarf að gera við og gilda upp einhverja vegg. Á haustin þarf að troða í göt og gáttir og á vorin þarf að bera á og laga þök. Óvenju mikið af torfi og lítið af grjóti er í veggjum Glaumbæjar, sem helgast af því að jörðin er afar torfrík, en hleðslugrjót er vandfundið. Hver steinn, í veggjum bæjarins, hefur verið notaður aftur og aftur öldum saman. Myndin er tekin í júní 2007 þegar unnið var við gaflhlað norðari skemmunnar.

¹⁴⁸ Sama heimild.

Heimildaskrá

- Annálar 1400-1800 I*, Skarðsárannáll 1400-1640, Vallholtsannáll 1626-1666. Reykjavík 1922-1927; Eyrarannáll 1551-1703 III, 1933-1938.
- Arnheiður Sigurðardóttir, *Hibýlahættir á miðöldum*. Reykjavík 1966.
- Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1959. Reykjavík 1959; 1967. Reykjavík 1968; 1968. Reykjavík 1969; 1969. Reykjavík 1970; 1978. Reykjavík 1979; 1979. Reykjavík 1980; 1989. Reykjavík 1990.
- Ársskýrsla Bygðasafns Skagfirðinga, 2000-2006*.
- Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*, Reykjavík 1919-1942.
- Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, Reykjavík 1979.
- Bygðasaga Skagafjarðar II* Staðarhreppur-Seyluhreppur, Ritstjóri Hjalti Pálsson. Sauðárkrók 2001.
- Edwin Sacher, *Die aus Grassoden und Holz gebauten Höfe und Kirchen in Island*, Konrad Triltsch Verlag Würzburg 1938.
- Íslenskt fornbréfasafn* III, 1269-1415, Kaupmannahöfn 1896; X (1538-1542), Reykjavík 1914; XI (1549-1550), Reykjavík 1918.
- Gísli Konráðsson, „Frá séra Eggerti í Glaumbæ“. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Sögurit XVII. Sögufélag gaf út, IV. Reykjavík 1928-1931.
- Gjörðabók Glaumbajarsóknar*. Í vörslu sóknarnefndar.
- HSk. Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands, nr. 4, Glaumbær 1934.
- HSk. Virðingargjörð Brunabótafélags Íslands, fyrir Glaumbæ 1940.
- HSk. *Extrakt af Jordebogen 1760*.
- HSk. *Gjörðabók sóknarnefndar Glaumbajarkirkju* (eldri).
- HSk. *Jarðabók 1849*, nr. 336.
- HSk. *Kirkjustóll Glaumbajar* 1892-1951. No. 454. Vísitasía 17. sept. 1849; Prófastsvísitasía 13. júní 1926; 15. september 1927; 30. ágúst 1953; 10. október 1985; 11. júní 1997. Ljósrit.
- HSk. Landsbókasafn, 1827, 4to: *Dagbók Nikulásar Magnússonar í Glaumbæ*. Ljósrit.
- HSk. Margeir Jónsson, Glaumbær, Skagafjarðarsýsla, Seyluhreppur, *Örnefnaskrá*.
- HSk. *Seyluhreppur úttektarbók 1931-1945*.
- HSk. *Vísitasíubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1886-1904*.
- HSk. *Vísitasíubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1925-1943*.
- HSk. *Vísitasíubók Skagafjarðarprófastsdæmis 1948-1983*.
- Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð*. Reykjavík 2004.
- Hörður Ágústsson, *Íslenskt byggingararfleifi I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík 1998.
- Indriði Einarsson, *Séð og lifað. Endurminningar*. Reykjavík 1936.
- Íslendinga sögur og þættir I, Eiríks saga rauða, Grænlandinga saga*; Útg. Svart á hvítu. Reykjavík 1987; *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*. Útg. Svart á hvítu. Reykjavík 1987.

- Íslensk orðabók A-L*. Reykjavík 2002.
- Jarða og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1952*, II. hefti, Reykjavík 1952.
- Jarðabók*. Nr. 336. Reykjavík 1849.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 9. bindi. Kaupmannahöfn 1930.
- Jólablað Glaumbæjarkirkju*. Sauðárkrókur, 1996.
- Jón Espólín, *Íslands árbækur í sögu formi, XI deild*. Kaupmannahöfn 1854.
- Jón Espólín, Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685-1847*, Fyrsta bindi. Reykjavík 1976; Þriðja bindi. Reykjavík 1978; Fjórða bindi. Reykjavík 1979.
- Jón Sigurðsson, *Glaumbær og Byggðasafn Skagfirðinga*. Reykjavík 1960.
- Séra Jón Steingrímsson, *Ævisagan og önnur rit*. Reykjavík 1973.
- Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzkur annáll 1847-1947, II*. Reykjavík 1998.
- Manntal á Íslandi 1816*, Akureyri og Reykjavík 1947-1974.
- Manntal á Íslandi 1801. Norður og austuramt*, Reykjavík 1980.
- Manntal á Íslandi 1845. Norður og austuramt*, Reykjavík 1985.
- Margeir Jónsson, *Frá miðöldum í Skagafirði*. Skagfirzkr fræði III. Reykjavík 1941.
- Ólafur Lárusson, *Landnám í Skagafirði*. Skagfirzkr fræði II. Reykjavík 1940.
- Páll Bjarnarson, cand. philos. í Winnipeg. „Um bæjarnöfn“. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Sögurit XVII. Sögufélag gaf út, II. Reykjavík 1921-1923.
- Prestatal og prófasta á Íslandi*, Reykjavík 1950.
- Sigríður Sigurðardóttir. *Torf til bygginga*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VII. Glaumbæ 2007.
- Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1850-1890, IV*. Skagfirzkr fræði. Sauðárkrók 1986.
- Sturlunga saga* I og II, Reykjavík 1946.
- Sýslu og sóknarhýsingar, Hins íslenszka bókmenntafélags 1839-1873, II* *Skagafjarðarsýsla*, Akureyri 1954.
- Þí. *Biskupsstjallasafn*, úttekt 22. apríl 1899.
- Þí. *Vísitíðabækur biskupa* árin 1749, 1757, 1826.
- Þí. *Vísitíðabækur prófasta* árin 1786, 1836, 1838, 1874.
- Þjms. *Bréfasafn Þjóðminjasafns*: bréf Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns, 24. september 1933.
- Þjms. *Kirknabækur Matthíasar Þórðarsonar*. Glaumbæjarkirkja 23. júlí 1910.
- Þórir Bergsson, *Endurminningar*. Akureyri 1984.
- Þórhallur Vilmundarson, *Grimnir. Rit um nafnfræði*, 3. Reykjavík 1996.

Munnlegar heimildir:

- Gunnar Gíslason (1914-2008), sóknarprestur í Glaumbæ frá 1943-1982.
- Gunnlaugur Jónasson (1917-2009), bóndi í Hátúni og þar uppalinn.
- Ingólfur Sveinsson, bóndi á Lágmúla, f. 1937.
- Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, f. 1937

